



**Háskólinn
á Akureyri**

Háskólinn á Akureyri

Kennaradeild

Leikskólabraut

2008

*„Að mega hlaupa um án þess að það sé
sussað á þau“*

-Viðhorf leikskólakennara til útiveru barna

María Aldís Sverrisdóttir

Lokaverkefni í kennaradeild



Háskólinn á Akureyri

Kennaradeild

Leikskólabraut

2008

*„Að mega hlaupa um án þess að það sé
sussað á þau“*

-Viðhorf leikskólakennara til útiveru barna

María Aldís Sverrisdóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild

Leiðsögukennari: Sigríður Síta Pétursdóttir

Ég lýsi því hér með yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis
og að það er ágóði eigin rannsókna

María Aldís Sverrisdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir
að mínum dómi kröfur til B.Ed prófs í kennaradeild

Sigríður Síta Pétursdóttir

Útdráttur

Verkefni þetta fjallar um útiveru barna í leikskólum og þá þætti sem að henni snúa. Útivera barna er stór partur af daglegu starfi leikskóla á Íslandi en lítið sem ekkert er fjallað um hana í leikskólakennaranámi. Útileikir barna hafa breyst undanfarna áratugi, ég byrja því á því að fjalla um þá þróun sem hefur átt sér stað og hvaða hlutverki leikskólinn gegnir í þeim efnum. Hugmyndir fræðimannanna Fröbel, McMillan og Gardner um útiveru, hreyfingu og tengsl við náttúruna eru settar fram. Fjölmargar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförunum árum sem snerta útiveru barna. Þær taka meðal annars á þáttum eins og hlutverki leikskólakennara í útiveru barna, gildi útiverunnar fyrir alhliða þroska barna, kosti þess að börn leiki sér í náttúrulegu umhverfi, hönnun leiksvæðis og hvaða efniviður höfðar best til barna, svo að dæmi séu tekin. Hreyfiþroski barna tekur miklum breytingum á þeim árum sem þau dvelja í leikskóla. Ýmsar rannsóknir hafa sýnt að leikur í útiveru hefur jákvæð áhrif á hreyfiþroska barna.

Rannsóknarspurningin: *Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?* Var höfð til hliðsjónar þegar viðtöl voru tekin við fjóra leikskólakennara. Er þetta samanburðarrannsókn, þar sem helmingur þátttakenda eru finnskir og hinn helmingurinn íslenskir. Hliðarrannsóknarspurningarnar eru: *Er munur á viðhorfum íslenskra og finnskra leikskólakennara? Er munur á viðhorfum nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra sem hafa langa starfsreynslu? Hvað segja leikskólakennarar um tengingu hreyfiþroska og útiveru?* Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru þær að leikskólakennarar höfðu almennt jákvætt viðhorf til útiveru barna og töldu hana nauðsynlegan þátt leikskólastarfsins. Enginn sýnilegur munur er, í þessari rannsókn, á viðhorfum íslenskra og finnskra leikskólakennara né viðhorfum nýútskrifaðra leikskólakennara eða þeirra sem hafa langa starfsreynslu. Hvað tengingu hreyfiþroska og útiveru varðar þá telja allir leikskólakennararnir útiveru mikilvæga fyrir hreyfiþroska barna og var hann það fyrsta sem flestir þeirra nefndu þegar þeir voru spurðir um gildi útiverunnar fyrir börn.

Abstract

This paper is about children's outdoor play in kindergartens and those factors that influence it. In Iceland children's outdoor play plays a big part in kindergartens daily routine but it doesn't get enough credit in the education of kindergartens teachers. Children's outdoor play has change very much last decades, first is discussed about the development that has happened in children's outdoor play and the about what role kindergarten have in that development. The ideas of Frobel, McMillan and Gardner about outdoor play, motor development and connections with the nature are put forward. Past years, many researches have been carried out about children's outdoor play. These research discusses, among other things, about the role of kindergarten teacher in outdoor play, the value of outdoor play for all around development of children, the design of the outdoor play area and what material attract children's attention. The motor development of children changes very much during the years children spend in kindergarten. Couple of research discuss about positive influence outdoor play on children's motor development.

The research question: *What is kindergartens teachers' opinion of children's outdoor play?* Was taken into consideration when four kindergarten teachers were interviewed. This was a comparable research because half of the participants were Finnish and half of them were Icelandic. The side research questions were: *Is there a difference between opinion of Finnish and Icelandic kindergarten teacher? Is there a difference between opinion of recently graduated kindergarten teacher and one with long work experience? What do kindergarten teachers' say about connection between motor development and outdoor play?* The major results of this research is that kindergarten teachers' have positive opinion towards children's outdoor play and consider it important for the kindergarten daily work. No visible difference were between the opinion of Finnish or Icelandic kindergarten teachers' or those who had recently graduated or had a long work experience. All the kindergarten teachers' in the research consider that outdoor play is good for children's motor development.

Þakkarorð

Þetta lokaverkefni er vissulega ágóði eigin rannsókna en það hefði ekki litið dagsins ljós nema með aðstoð frá öðrum einstaklingum. Því vil ég þakka:

- Viðmælendum mínum í rannsókninni, án þeirra hefði verkefnið aldrei verið eins.
- Leiðsagnarkennaranum mínum, Sigríði Sítu Pétursdóttur, fyrir uppbyggilega gagnrýni og góðar ábendingar.
- Erju Rautamies, kennara við Jyväskylä háskóla í Finnlandi, fyrir aðstoð við að finna finnska viðmælendur.
- Þeim sem að yfirllestri þessa verkefni komu, ykkar ábendingar voru dýrmætar.
- Nánustu fjölskyldu og vinum fyrir að styðja mig í því að fara til Finnlands.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	- 3 -
2	Útivera barna.....	- 5 -
2.1	Útivera barna í aldanna rás	- 5 -
2.2	Birting útiveru í kenningum ýmissa fræðimanna.....	- 7 -
2.2.1	Friedrich Fröbel	- 7 -
2.2.2	Margaret McMillan.....	- 8 -
2.2.3	Howard Gardner.....	- 11 -
2.3	Almennt um útiveru barna	- 13 -
2.3.1	Hlutverk leikskólakennara í útiveru.....	- 16 -
2.3.2	Útileiksvæði leikskóla og efniviður	- 19 -
2.3.3	Að leika úti í náttúrunni	- 21 -
2.4	Hreyfiþroski barna	- 23 -
2.4.1	Almennt um hreyfiþroska barna	- 23 -
2.4.2	Breytingar á hreyfiþroska á leikskólaárum	- 24 -
2.4.3	Hreyfiþroski og útivera	- 26 -
2.5	Samantekt.....	- 26 -
3	Rannsóknin	- 28 -
3.1	Gagnasöfnun	- 28 -
3.1.1	Viðtöl	- 29 -
3.1.2	Þátttakendur	- 30 -
3.1.3	Leyfi.....	- 31 -
3.2	Greining gagna.....	- 31 -
4	Niðurstöður	- 33 -
4.1	Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?	- 33 -
4.1.1	Almennt viðhorf leikskólakennara.....	- 33 -
4.1.2	Skoðun leikskólakennara á útileiksvæði barna, efniviðnum og viðfangsefnum þeirra	- 35 -
4.1.3	Hvert er hlutverk leikskólakennara í útiveru barna?.....	- 37 -
4.1.4	Gildi náttúru fyrir útiveru barna.....	- 38 -
4.2	Er munur á viðhorfi íslenskra og finnskra leikskólakennara?	- 39 -

4.3	Er munur á viðhorfi nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra sem hafa langa starfsreynslu?	- 40 -
4.4	Hvað segja leikskólakennarar um tengingu hreyfiþroska og útiveru.....	- 40 -
4.5	Samantekt.....	- 42 -
5	Umræður	- 43 -
6	Lokaorð.....	- 50 -
7	Heimildarskrá.....	- 51 -

1 Inngangur

Það má segja að tilurð þessa verkefnis megi rekja til annars verkefnis sem var gert fyrir rúmu ári síðan. Í því verkefni fylgdist ég með börnum að leik í útiveru með spurninguna í huga: *Hvaða líkamlega áreynsla á sér stað í útiveru barna?* Á meðan ég fylgdist með börnunum tók ég myndir sem ég skoðaði þegar ég kom heim. Það má með sanni segja að þetta verkefni hafi opnað augun mín fyrir því hvað börn eru að fást við í útiveru og mikilvægi hennar fyrir hreyfiþroska þeirra. Þarna tók ég þá ákvörðun að lokaverkefni mitt mynda að einhverju leyti fjalla um útiveru barna. Á sama tíma sótti ég um að taka 10 vikna vettvangsnám mitt í Finnlandi haustið 2007 og þegar var ljóst að ég fengi það þá ákvað ég að nýta þá dvöl til að vinna að lokaverkefninu. Eftir að hafa látið hugann reika um hvernig ég myndi nálgast viðfangsefni mitt komst ég að þeirri niðurstöðu að ég skyldi rannsaka viðhorf leikskólakennara til útiveru barna. Fyrst ég hafði tækifæri á því að gera samanburðarrannsókn á viðhorfum finnskra og íslenskra leikskólakennara ákvað ég að nýta mér það. Ástæðan fyrir því var sú að ég held að það sé viðhorf hvers leikskólakennarar sem ráði því hvernig hann nálgast starfið sitt.

Útivera er stór partur af daglegu starfi leikskólans en í þeim leikskólum þar sem ég hef starfað hefur útiveran verið ein til tvær klukkustundir á hverjum degi. Spurningar sem vert væri að velta vöngum yfir eru til dæmis: Hvað eru börn að aðhafast í útiveru? Hvert er hlutverk leikskólakennara í útiveru barna? Skiptir hönnun leiksvæðisins einhverju máli? Hvað finnst leikskólakennurum um útiveru barnanna? Af hverju er útivera jafn stór partur af daglegu starfi í leikskóla eins og hún virðist vera? Í þriggja ára námi í leikskólakennarafræðum hef ég aldrei fengið fræðslu um útiveru barna og er það ein af ástæðunum fyrir því af hverju ég ákvað að fjalla um þetta efni.

Í þessu verkefni verður, eins og áður hefur komið fram, leitast við að svara rannsóknarspurningunni: *Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?* Hliðarrannsóknarspurningarnar eru: *Er munur á viðhorfi íslenskra og finnskra leikskólakennara til útiveru barna? Er munur á viðhorfi nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra sem hafa langa starfsreynslu? Hvað segja leikskólakennarar um tengingu hreyfiþroska og útiveru?*

Fyrri hluti verkefnisins fjallar almennt um útiveru barna og þætti tengda henni. Seinni hluti verkefnisins fjallar síðan um rannsóknina sem var framkvæmd, niðurstöður hennar og að lokum eru þær fléttaðar saman við fræðilega umfjöllun í umræðukafla.

2 Útivera barna

Í þessum kafla verður útivera barna skoðuð frá ýmsum fræðilegum sjónarhornum. Byrjað verður á því að fjalla um útiveru barna í aldanna rás og í því samhengi skoðað hvort og þá hvernig útivera barna hefur breyst. Skoðuð verða meðal annars skrif Fröbels, McMillan og Gardner um útiveru barna, hreyfingu og tengsl við náttúruna, auk þess verður stuðst við ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið víðs vegar um heiminn. Því næst verður fjallað almennt um útiveru barna, komið inn á hvert sé hlutverk leikskólakennara í útiveru barna, umfjöllun um útileiksvæði leikskóla og gildi náttúrunnar í útiveru. Að lokum verður fjallað um hreyfiþroska leikskólabarna og hann tengdur við útiveru þeirra. Hvaða hlutverki gegnir til dæmis leikskólinn í útiveru barna? „Lengi býr að fyrstu gerð“ er orðatiltæki sem lýsir því að það sem barn lærir í bernsku fylgir því inn í framtíðina. Því er hægt að spyrja hvort leikskólinn sé ekki í lykilaðstöðu til að leggja áherslu á mikilvægi útiverunnar og áhrif hennar á lífsmynstur barna.

2.1 Útivera barna í aldanna rás

Fyrir nokkrum áratugum áttu börn auðvelt með að komast í tengsl við villta náttúru og nota hana til að efla þroska sinn og rannsaka umhverfið.¹ Í bók sinni *The Great Outdoors, Restoring Children's Right to Play Outside* fjallar Rivkin um það hvernig staðir þar sem börn komust í tengsl við óspillta náttúru hefðu meira og minna verið eyðilagðir.² Áhyggjur manna af því að börn fái ekki nægjanlegt tækifæri til að komast í tengsl við náttúruna eru ekki ný af nálinni. Árið 1948 skrifar Gunnar Ólafsson, kennari, grein í *Menntamál* þar sem hann lýsir yfir áhyggjum sínum um að ungvíði landsins njóti of lítillar útivistar:

Ég er þeirrar skoðunar að börn og unglingar á skólaaldri, einkum í bæjum og kaптúnunum, njóti allt of lítillar útivistar, að ég nú ekki nefni útiþróttu, sem eru hverfandi lítið stundaðar af skólaæskunni. ... Við þurfum að auka útivist barnanna, skipuleggja hana og fá þeim ákveðin verkefni að glíma við.³

¹ Fjortoft. 2004:22

² Rivkin. 1995:1

³ Gunnar Ólafsson. 1948:93, 97

Árið 2004, 56 árum eftir að grein Gunnars birtist, birtist grein á vef *Eflyingar* sjúkrahjálfunarstöðvar á Akureyri, eftir nafna hans Gunnar Svanbergsson, sjúkrahjálfara. Í grein sinni *Um hreyfingu og hreyfingarleysi barna*, fjallar Gunnar um þá breytingu sem orðið hefur í íslensku samfélagi, hann lýsir áhyggjum sínum af minnkandi hreyfingu barna og að tölvuleikir og sjónvarpsáhorf sé ein helsta dægradvöl þeirra. Að börn séu nánast hætt að leika sér úti við. Allt getur þetta stuðlað að aukinni offitu meðal barna og unglunga.⁴

Félag íslenskra leikskólakennara varð 50 ára árið 2000, í tilefni afmælisins var sögu leikskólakennara á Íslandi gerð skil í blaði þeirra, *Athöfn*. Rætt var meðal annars við nokkra af þeim leikskólakennurum sem útskrifaðist höfðu fyrir miðja síðustu öld, þar á meðal voru þær Erla Böðvarsdóttir og Jófríður Traustadóttir. Erla starfaði við leikskóla á Akureyri alla sína starfsævi frá því hún útskrifaðist árið 1958 og þar til hún lét af störfum árið 1999. Jófríður útskrifaðist árið 1964 og starfaði einnig innan leikskóla Akureyrarbæjar mest allan sinn starfsaldur.⁵ Í viðtölunum segja Erla og Jófríður frá því hvernig dagurinn gekk fyrir sig þegar þær voru að byrja sinn starfsferil, þar sem áherslan var á útiveru og leik. Jófríður lýsti útisvæði Pálmholts á þennan hátt:

Leiksvæðið var rúmgott og bauð upp á ýmsa möguleika. Þar voru hólar, lautir og balar þar sem auðvelt var að gleyma sér í margs konar leikjum. Þarna voru góðir sandkassar, rólur, rugguhestar og vegasalt. Þarna var líka gamall alvöru bátur sem búinn var að fara margar ævintýra- og sjóferðir með börnin, oft drekkhlaðinn⁶.

Frost og fleiri⁷ telja að breytingar hafi orðið á útiveru barna, áður fyrr hafi eldri börn kennt þeim yngri hina ýmsu útileiki eða að barnahópurinn hafi fundið upp á slíkum leikjum sjálf. Börnin í hverfunum söfnuðust saman, kusu í lið og léku boltaleiki, stríðsleiki og fleira. Þó ekki sé hægt að fara aftur í tímann telur Frost að hinir fullorðnu ættu að geta kennt börnum að leika hina hefðbundnu útileiki, skapa úr því sem fyrir er og komast í tengsl við náttúruna. Ef litið er á hvernig börn í dag leika sér, má sjá að það hefur orðið breyting á síðustu ár. Eins og Gunnar Svanbergsson kom inn á þá hafa leikir barna færst meira inn á heimilin og verður tölva þá oft fyrir valinu. Þó er ekki

⁴ Gunnar Svanbergsson. 2004

⁵ Anna Elísa Hreiðarsdóttir. 2000:32, Jófríður Traustadóttir. 2000:51–54

⁶ Jófríður Traustadóttir. 2000:53

⁷ Frost ofl. 2005:303

hægt að halda því fram að þetta sé staðreynd varðandi öll börn, því að með tilkomu sparkvalla víða um land er hægt að fara í fótbolta nánast allt árið um kring.⁸ Það er athyglisvert að skoða skrif Gunnars Ólafssonar, frá 1948, út frá þeim tíma sem þau eru skrifuð á. Hann viður þar áhyggjur sínar af börnum sem búa í þéttbýli og má velta fyrir sér hvort ástæðan fyrir þeim sé sú að þéttbýli býður ekki upp á sama frelsið og dreifbýlið gerir? Á þeim tíma og Gunnar skrifar grein sína bjó 44,3%⁹ landsmanna á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Álftanes, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður) en árið 2007 bjó 62,3% landsmanna á sama svæði.¹⁰ Í janúar 2008, mars 2007 og desember 2003 birtust í *Morgunblaðinu*, skrif þar sem fjallað var um útileiksvæði barna. Þetta voru ýmist fréttir, aðsent efni eða bréf til blaðsins þar sem íbúar ákveðinna svæða í Reykjavík lýstu yfir áhyggjum sínum um fyrirætlanir um byggingar á leiksvæðum barna. Bentu íbúarnir meðal annars á mikilvægi þessara leiksvæða fyrir börnin á svæðinu.¹¹ Getur verið að það hafi verið skortur á frelsi og aðstöðu til útiveru sem olli Gunnari Ólafssyni áhyggjum? Ef þróunin í þéttbýlismyndun á Íslandi er sú að útileiksvæði barna og unglinga er vijkjandi, þá er hægt að spyrja: Hvar eiga börnin að leika sér og komast í tengsl við náttúruna?

2.2 Birting útiveru í kenningum ýmissa fræðimanna

Mikilvægi hreyfingar, útiveru og tengsl við náttúruna hefur birst í hugmyndafræði hinna ýmsu fræðimanna. Þar má nefna Fröbel, McMillian og Gardner ásamt fleirum. Í þessum kafla verður skoðað það sem þessir þrír fræðimenn hafa skrifað um það sem snýr að hreyfingu, útiveru og tengslum barna við náttúruna.

2.2.1 Friedrich Fröbel

Friedrich Fröbel, þýskur fræðimaður sem var uppi á árunum 1782-1852¹², þróaði hugmyndafræði og aðferð við kennslu ungra barna sem hann kallaði *kindergarten*, sem gæti útlagst sem *barnagarður* á íslensku og samsvarar leikskólum í nútímamynd. Fröbel

⁸ Knattspyrnusamband Íslands [án árs]

⁹ Hagstofa Íslands. 2008a

¹⁰ Hagstofa Íslands. 2008b

¹¹ Kristján Guðmundsson. 2007; Edda Ólafsdóttir. 2003; Morgunblaðið. 2008

¹² Frost ofl. 2005:9

leit á barnæskuna sem mikilvægt tímabil í lífi hvers einstaklings og lagði áherslu á leikinn sem námsaðferð.¹³ Þó má segja að hann hafi á vissan hátt stýrt leik barna, því hann bjó til leikföng, eða svokallaðar *gjafir* sem voru alls tíu talsins. Fröbel áleit að með því að leika með *gjafirnar* á mismunandi vegu öðlist börn þekkingarfræðilega innsýn á náttúrulegan hátt. *Gjafir* Frøbels, voru hannaðar með það að markmiði að veita börnum þekkingu á umheiminum og áttu allt í senn að tákna form náttúrunnar, veita þekkingu um hana og hafa fegurðargildi.¹⁴

Fröbel lagði mikla áherslu á náttúruna, athugun á plöntum og dýrum var ofarlega í huga hans, hann lagði meðal annars upp með að börn rækti sitt eigið blóma- eða plöntubeð. Með því að rækta sitt eigið beð taldi Fröbel að börnin lærðu að þekkja tegundirnar og með því að merkja plönturnar væri verið að örva læsi þeirra.¹⁵ Samkvæmt Fröbel átti leikur utandyra með náttúrulegum efniviði, svo sem steinum, blómum og laufblöðum í allskonar litum, að örva athyglisgáfu barna og dómgreind þeirra. Vera þeirra úti við átti einnig að auka þekkingu þeirra á umheiminum og þannig öðlast vitneskju um það hvernig það væri að vera í náinni snertingu við náttúruna sem slíka. Samkvæmt Fröbel gefur leikur börnum tækifæri á að athuga og skilja, tilefni til íhugunar og þroskar skilning þeirra, sem allt er liður í menntun.¹⁶ Það má því sjá að gildi leiks í náttúrulegu umhverfi var ofarlega í huga Frøbels. Að hans mati er uppgötvun frá fyrstu hendi besta kennsluaðferðin. Það má draga þá ályktun af skrifum Frøbels að útivera í leikskólum sé góð leið til að kenna börnum um náttúruna um leið og þau þroskast að öðru leyti.

2.2.2 Margaret McMillan

Margaret McMillan var breskur brautryðjandi í uppeldismálum. Árið 1894 var hún kosin í skólanefnd í Bradford í Lundúnum og kynntist þá lifnaðarháttum fátækra barna. Eftir það barðist hún fyrir rétti barna, hvort sem það var vegna þrælkunar eða slæmrar skólaaðstöðu. Þekktust var McMillan fyrir hugmyndir sínar að *open air nursery school*

¹³ Peltzman. 1998:25

¹⁴ Frost ofl. 2005:11

¹⁵ Frost ofl. 2005:368

¹⁶ Fröbel. 1980:118–119

eða *útiloftsskóla* fyrir börn undir fimm ára aldri, sem hún stofnaði árið 1914.¹⁷ Hugmyndin kom í kjölfar þess að hún ásamt systur sinni Rachel stofnuðu árið 1911 *outdoor camp*, sem gæti útlagst á íslensku sem *utandyrabúðir*. Búðirnar voru ætlaðar stúlkum á aldrinum sex til fjórtán ára sem bjuggu í fátækrahverfum Deptford. Hugmyndin að baki þessum búðum var að koma stúlkunum úr þeim hörmulegu heimilisaðstæðum sem þær bjuggu við. McMillan systurnar uppgötvaðu að umhverfið sjálft hafði mikil áhrif á líf og heilsu þeirra sem tóku þátt í starfinu í búðunum. Þegar Margaret McMillan sá hvaða áhrif þessar utandyrabúðir höfðu á stúlkurnar dró hún þá ályktun að til þess að áhrifin yrðu meiri þyrfti hún að vinna með yngri börnum og því setti hún á stofn *útiloftsskóla*.¹⁸ Hugmyndafræði skólans byggðist á heilsuvernd þar sem áhersla var lögð á svefn, hollan mat, hreyfingu og útiveru, hreint loft, sólskin og bað. McMillan taldi umönnun og menntun óaðskiljanlega þætti í uppeldi barna og leit á umönnunina sem mikilvæga og lærdómsríka reynslu fyrir uppalandann. Líta ætti á þær athafnir sem að umönnun snéri sem undirbúning að andlegu starfi og í beinum tengslum við almennan þroska barnsins.¹⁹ Samkvæmt McMillan var heilsa og menntun sett undir sama hatt, sem dæmi, að ef barn væri með sjónvandamál gæti það haft áhrif á lestrarkunnáttu þess, ef það væri þreytt hefði það áhrif á áhuga þess og svo framvegis.²⁰ Oft hefur verið rætt hvort leikskólar eigi að veiti umönnun eða menntun. Jóhanna Einarsdóttir og Jóhanna Thorsteinsdóttir hafa skrifað um þessi málefni og fjallað um hvert hlutverk leikskóla sé í nútímasamfélagi.²¹ Það má þó geta þess að þær eru ekki á sama máli um hvert hlutverk leikskólans sé. Jóhanna Einarsdóttir er á því máli að umönnun barna í leikskólum sé mikilvægur liður starfsins.²² Jóhanna Thorsteinsdóttir leggur meiri áherslu á menntun leikskólabarna og talar til að mynda um að skipuleggja leikskólastarfið meira í anda grunnskólans.²³ Því er merkilegt að lesa skrif McMillan frá byrjun 19. aldarinnar um að menntun og umönnun væru óaðskiljanlegir þættir. Hægt er

¹⁷ Valborg Sigurðardóttir. 1999:91–95

¹⁸ Bilton. 2002:25–26

¹⁹ Valborg Sigurðardóttir. 1999:95–97

²⁰ Bilton. 2002:26

²¹ Jóhanna Einarsdóttir. 2002; Jóhanna Einarsdóttir. 2005; Jóhanna Thorsteinsson. 1999a; Jóhanna Thorsteinsson. 1999b

²² Jóhanna Einarsdóttir. 2002; Jóhanna Einarsdóttir. 2005

²³ Jóhanna Thorsteinsson. 1999a; Jóhanna Thorsteinsson. 1999b

að velta því fyrir sér hvort hægt sé að mennta þriggja ára gamalt barn án þess að annast um það í leiðinni?

Útiloftsskóli McMillan var staðsettur í garði sem var skipulagður með nám ungra barna í huga. Byggingar eða skólahús sem voru innan garðsins höfðu þann tilgang að vera skjól í vondum veðrum, geymsla fyrir ýmis áhöld og til að hýsa eldhús- og salernisaðstöðu skólans.²⁴ Þar sem börnin komu frá fátækum heimilum var það eitt af markmiðum útiloftsskólans að bæta börnunum upp það sem þau höfðu ekki aðgang að heima. McMillan leitaðist eftir því að bjóða upp á lærdómsríkt umhverfi, þar sem börn kynntust náttúrunni og lærðu í gegnum nán tengsl við hana um dýrin og plönturnar og nutu margvíslegra skynáhrifa. Skynjun var undirstaða náms að mati McMillan og því var mikil áhersla lögð á upplifun barnanna og skynjun þeirra, þar studdist hún að mestu við náttúrulegt umhverfi.²⁵ Frjáls leikur í vel skipulögðu náttúrulegu umhverfi var útgangspunktur hjá McMillan enda notaðist hún ekki við nein sérstök kennslutæki líkt og tíðkaðist í skólum samtímakonu hennar Maríu Montessori.²⁶ McMillan skipti garðinum vandlega upp í nokkur svæði, til dæmis ræktunarsvæði, útileiksvæði, svæði til uppgötvunar og byggingarsvæði. Hugmyndin var að börnin gætu farið sínar leiðir án nokkurra vandkvæða. Efniviður var fjölbreyttur, svo sem rólur, steinar, sandur, tré, hús til að leika sér í, efniviður til hlutverkaleikja, til vísindaiðkunar og svo framvegis. Allar athafnir á borð við svefn, matartíma, hreyfingu, söng og listsköpun fóru fram utandyra.²⁷

Skrif annarra fræðimanna á borð við Owen, Cusden, de Lissa, Wheeler og Earl og Isaacs, fjölluðu einnig um mikilvægi kennslu ungra barna í náttúrulegu umhverfi. Þau tóku undir með McMillan um gæði náms utandyra og áhrif útiveru á nám og heilsu ungra barna. Öll gengu þau út frá því að börn læra í gegnum leik í náttúrulegu umhverfi og töldu það vera réttu leiðina til að örva þroska barna. Náttúran virtist vera sá staður sem börnin höfðu löngun til að vera á enda bauð hún upp á mörg lærdómstækifæri þar sem þau fengu að uppgötva á eigin forsendum í gegnum leikinn. Að mati McMillan voru kennararnir hjarta hvers skóla og gegndu mikilvægu hlutverki við að leiðbeina börnum,

²⁴ Bilton. 2002:26

²⁵ Valborg Sigurðardóttir. 1999:97

²⁶ Valborg Sigurðardóttir. 1999:97–98

²⁷ Bilton. 2002:26

vera þeim innan handar og aðstoða eftir því sem þörf var á.²⁸ Hugmyndafræði McMillan hafði áhrif á gang leikskólamála á Íslandi.

2.2.2.1 Hugmyndafræði McMillan og fyrsti íslenski leikskólinn

Hugmyndafræði McMillan teygði anga sína til Íslands á fyrri hluta 20. aldar þegar fyrsti leikskólinn á Íslandi, Grænaborg, var teiknaður í kringum 1930²⁹. Ástæðan fyrir því að útiloftsskóli McMillan var fyrirmynd fyrsta íslenska leikskólans var sú að Steingrímur Arason, fyrsti formaður Barnavinafélagsins Sumargjafar, hafði kynnst hugmyndum McMillan þegar hann var við nám við Columbia-háskólann. Í framhaldi af því fór hann til London árið 1927 í þeim tilgangi að kynna sér nánar hugmyndafræði útiloftsskólanna. Það er skemmst frá því að segja að Steingrímur hreifst svo af hugmyndum McMillan að ákveðið var að reisa leikskóla samkvæmt teikningum um útiloftsskóla, þegar fyrsti íslenski leikskólinn var byggður.³⁰ Hugmyndir McMillan um mikilvægi útiverunnar áttu upp á pallborðið hjá íslenskum leikskólakennurum eins og lesa má meðal annars í áðurnefndum skrifum í tímaritinu *Athöfn* frá árinu 2000.

2.2.3 Howard Gardner

Kenning Howard Gardner um fjölgreindir, breyttu fyrri hugmyndum manna um greind. Gardner telur að einstaklingar búi yfir átta grunngreindum, þær eru: Málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og umhverfisgreind.³¹ Síðar í þessum kafla verður farið í það hvernig örva megi allar þessar greindir í útveru barna. Mesta áherslan verður þó lögð á líkams- og hreyfigreind og umhverfisgreind og sýnt fram á tengsl þeirra við útiveru barna í leikskóla, þó aðrar greindir komi einnig við sögu.

Gardner hefur haldið því fram að einstaklingar sem búa yfir góðri líkams- og hreyfigreind séu færir í að nota líkama sinn, meðal annars til ýmissa tjáninga, þeir séu færir í höndunum við hvers konar sköpun. Einnig er talið að þeir búi yfir góðri þekkingu á líkama sínum, búi yfir styrk, liðleika, samhæfingu, hraða og sveigjanleika og hafa gott

²⁸ Bilton. 2002:26–27

²⁹ Bergur Felixson. 2007:10

³⁰ Valborg Sigurðardóttir. 1999:91, 101–102, 104

³¹ Armstrong. 2001:13–15

hreyfi- og stöðuskyn³². Með umhverfisgreind er átt við færni einstaklingsins í að þekkja umhverfi sitt og náttúru, þar á meðal dýra- og jurtaríki. Samkvæmt Gardner eru einstaklingar, sem búa yfir góðri umhverfisgreind, klókir að lesa í umhverfið sitt, hvort sem um er að ræða lifandi eða dauð fyrirbæri.³³ Því fer þó fjarri að útivera í leikskóla sé eingöngu ætluð þeim einstaklingum sem búa yfir góðri líkams- og hreyfigreind eða umhverfisgreind. Gardner³⁴ taldi að allar greindir einstaklingsins ynnu saman og að með þjálfun, örvun og leiðsögn gæti hver einstaklingur þróað allar greindirnar á hátt getustig, hann taldi hins vegar að ein greind væri oft ríkjandi.

Í bókinni *Fjölgreindir í skólastofunni* leggur Armstrong til hinar ýmsu kennsluáðferðir til að örva greindirnar átta. Þó þessar aðferðir eigi að mestu samleið með kennslu í grunnskóla frekar en leikskóla má yfirfæra flestar aðferðirnar á leikskólann. Sem dæmi er besta leiðin til að örva umhverfisgreindina talin vera sú að vera úti í náttúrunni. Armstrong vitnar í nóbelsverðlaunahafann Richard Feynman sem á að hafa sagt að upphafið að miklum vísindaáhuga hans hafi sprottið vegna tíðra gönguferða hans og föður hans í náttúrunni. Armstrong telur einnig að til að ná tókum á hegðun ofvirks nemanda með því að styðjast við umhverfisgreind sé verið að gefa nemandanum tíma og rými til að fá útrás fyrir orkuna úti í náttúrunni.³⁵

Í útiveru í leikskóla gefst tækifæri til að örva allar greindirnar og tengja þær við námssvið *Aðalnámskrá leikskóla*. Mikil samskipti eiga sér stað í leik barna í útiveru sem eflir mál- og samskiptagreindir þeirra og samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* ber leikskólakennurum að hvetja börn til að eiga samræður sem byggjast á opnum spurningum, gagnrýnni og röklegri hugsun.³⁶ Auðvelt er að nota útileiksvæði leikskóla til að örva rök- og stærðfræðigreind. sem dæmi er hægt að örva þá greind með því að mæla í skrefum lengdina frá sandkassanum og upp á hól. Í framhaldi af því er hægt að efla líkams- og hreyfigreindina með því að kanna hvað börnin eru fljót að hlaupa þessa vegalengd. Síðan er hægt að ræða um það við börnin, til dæmis hvað það er sem hefur áhrif á það hversu fljót þau eru að hlaupa og svo framvegis. Að mati Sutcliffe þá býður

³² Armstrong. 2001:14–15

³³ Armstrong. 2001:14–15

³⁴ Í Armstrong. 2001:20–21

³⁵ Armstrong. 2001:76, 92

³⁶ Aðalnámskrá leikskóla. 1999:20

útivera upp á margvísleg tækifæri til að örva líkams- og hreyfifroska barna.³⁷ Börn fá mörg tækifæri til að þjálfa rýmisgreind sína í útiverunni, til að mynda þegar þau eru að ganga um útileiksvæðið þá þurfa þau að átta sig á hvar þau geta gengið án þess að lenda fyrir einhverjum. Þegar þau eru að róla sér þurfa þau að gera sér grein fyrir því hversu hátt rólán má fara án þess að þau missi jafnvægið.

Líkams- og hreyfigreind barna er í sífelldri þjálfun í útverunni en í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að hreyfing og útivera séu óaðskiljanlegir þættir.³⁸ Í gegnum hreyfingu þjálfa börn rýmisgreind sína og sjálfsþekkingargreind, því þau eru stöðugt að læra hvers megnug þau eru. Dæmi um það má nefna barn sem er að æfa sig í að klifra í trjám. Með því að leika sér í trjám eflir barnið líka umhverfisgreind sína því það er í nánnum tengslum við náttúruna. Umhverfisgreindina má einnig efla með því að fara í gönguferðir í nágrenni leikskólans, útivera barna þarf ekki eingöngu að eiga sér stað innan útileiksvæðis leikskóla heldur hvar sem er utandyra.

Í þróunarverkefninu *Út um mó inn í skóg* var farið með leikskólabörn í leikskólanum Álþheimi á Selfossi í reglulegar skógarferðir, þar sem börnin fengu tækifæri til að kynnast náttúru og umhverfi frá fyrstu hendi.³⁹ Slíkar gönguferðir má tengja við námssviðið *náttúra og umhverfi* sem *Aðalnámskrá leikskóla* telur einn af áherslupáttum í uppeldi barna. Ef farið er í gönguferð um svæði þar sem mikið er um kletta, örvast til dæmis tónlistargreind barna með því að búa til bergmál. Hana má einnig örva innan útileiksvæði leikskólans með því að kanna hvaða hljóð heyrast þegar steinar eru látnir renna niður rennibraut, þeim smellt saman eða með því að blása í ýlustrá og heyra hljóðið frá því.

Af þessum dæmum sem tekin hafa verið má sjá að það eru ótal tækifæri í útiveru barna til að örva allar greindir sem Gardner telur að manneskjan búi yfir, um leið og unnið er með námssvið *Aðalnámskrá leikskóla*.

2.3 Almenn um útiveru barna

Í *Aðalnámskrá leikskóla* kemur fram að útivera og hreyfing barna séu óaðskiljanlegir þættir. Börn hafi ríka þörf fyrir hreyfingu og noti hana óspart til að tjá sig. Í útiveru fái

³⁷ Doherty. 2003:12

³⁸ *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:19

³⁹ Kristín Norðdahl. 2005a:22

börn útrás fyrir hreyfipörfina með hlaupum, hoppum og klifri. Í útiverunni kynnst börn náttúrunni í umhverfinu sínu og læra þannig að meta það sem þau hafa í kringum sig.⁴⁰

Samkvæmt Rivkin er útivera sá tími sem börn og leikskólakennarar geta upplifað frelsi þar sem útileiksvæðin bjóða upp á mikið rými til að hver einstaklingur geti notið sín. Þar hafa börn tækifæri til að syngja, hrópa og kalla án þess að vera ávítuð fyrir það og geta notið þess að vera til.⁴¹ Undir þessi orð Rivkin tekur Frost, en að hans mati eru fjórar ástæður fyrir því að borin sé virðing fyrir útiverunni sem slíki: Í útiverunni fá börn tækifæri til að leika frjálst og óhindrað við það sem vekur áhuga þeirra. Í útiverunni fá börn efnivið sem styður leik þeirra, bæði tilbúinn og náttúrulegan. Í útiverunni fá börn útrás fyrir rannsóknarþörf sína og tækifæri til að læra í gegnum eigin reynslu. Síðast en ekki síst gefur leikur í útiveru börnum tækifæri á að læra hvert af öðru.⁴²

Yi Fu Tuan⁴³ sagði að börn og líkamar þeirra væru náttúrulegir en menningin móti þau í gegnum árin. Með þessu á hún við að þegar hver einstaklingur fæðist hefur hann þarfir og hvatir án þess að menningin hafi áhrif á það. Með árunum hefur menning samfélagsins sífellt meiri áhrif á þarfir einstaklingsins. Því eru börn mun nærri náttúrulegum þörfum sínum en fullorðnir nær menningarlegum þörfum. Það sem skólar í nútíma samfélagi gera er að reyna að ná börnum nær þessum menningarlegu þörfum en átta sig ekki á að það er í eðli þeirra að læra í gegnum hreyfingu, og hafa mikla þörf fyrir að leika sér utandyra.⁴⁴ Hugmyndir Yi Fu Tuan fara saman við hugmyndir Loris Malaguzzi um barnæskuna og áhrifa menningu og samfélags á börn.⁴⁵

Samkvæmt Bilton er lykillinn að því að leikur í útiveru sé árangursríkur sá að útileiksvæðið sjálft sé litið sömu augum og önnur leikrými sem tilheyra leikskólanum. Bilton telur að útileiksvæði leikskóla þurfi að vera aðlaðandi, örvandi og vel skipulagt svo að börn njóti þess að læra í gegnum umhverfið sem þar er. Að hennar mati er mikilvægt að leikskólakennarar séu vel vakandi og noti kunnáttu sína í gerð skráninga til að vita hvenær sé rétt að grípa inn í aðstæður.⁴⁶

⁴⁰ *Aðalnámskrá leikskóla*. 1999:19–20

⁴¹ Rivkin. 1995:11

⁴² Frost ofl. 2005:308

⁴³ í Rivkin. 1995

⁴⁴ Rivkin. 1995:9

⁴⁵ Malaguzzi. 1998

⁴⁶ Bilton. 2002:2

Hjá Bilton kemur fram að veður hafi óhjákvæmilega áhrif á útiveru í leikskólum, hún telur að leikskólakennarar eigi það til að skýla sér á bak við veðrið þegar verið er að ræða hvort eigi að fara út í dag eða ekki. Hennar mat er að það séu fáir dagar þar sem það sé svo kalt úti að ekki sé ráðlegt að fara út.⁴⁷ En auðvitað er þetta alltaf matsatriði, þar sem taka verður tillit til aðstæðna hverju sinni. Leikskólinn Síðusel á Akureyri hefur það að viðmiði að börn fara ekki út ef það er meira en tíu stiga frost, en þó segir Snjólaug Pálsdóttir leikskólastjóri að leikskólakennararnir verði að meta það hverju sinni.⁴⁸ Bilton telur að oftast megi klæða af sér veðrið og skella sér út. Hún heldur því fram að ef leikskólakennarar séu jafn virkir í leik og börnin sjálf finna þeir sjaldnast fyrir kuldanum. Auk þess hafi mismundi veðurfar jákvæð áhrif á börnin því þau geti lært heilmikið af því, til dæmis felst mikill lærdómur í því að fylgjast með veðrinu og spá fyrir um hvort það sé að breytast.⁴⁹ Því má hafa í huga hvort börn eigi að fá að vera með í ráðum þegar verið er að velja fatnað fyrir útiveru. Hvenær eru börn búin að ná slíkum þroska að þau geta metið í hverju þau eigi að fara þegar úti er fimm stiga frost og smá gola? Kristín Dýrfjörð rannsakaði lýðræði í leikskóla. Í rannsókninni studdist Kristín meðal annars við kenningar Mörthu Nussbaum, sem telur að einstaklingurinn eigi að fá að vera þátttakandi í félagslegum samskiptum. Einn leikskólakennarinn í rannsókninni taldi að sumar reglur verði til með velferð barnsins í huga. Þessu til stuðnings tekur leikskólakennarinn dæmi af dreng einum sem vildi fara út á peysunni en þar sem hann var nýbúinn að vera veikur og veðrið ekki gott tók leikskólakennarinn það ekki í mál.⁵⁰ Samkvæmt Nussbaum hefði átt að leyfa drengnum að vera þátttakandi í ákvörðuninni um hvernig hann ætti að vera klæddur í útiverunni í staða þess að fara blint eftir reglum. Spurningunni sem varpað var fram hér að ofan væri því hægt að svara á þann hátt að hver og einn ætti að fá að taka þátt á sínum forsendum, í þeim ákvörðunum sem hann varðar.

Samkvæmt Frost og fleirum er oft sett samasem merki á milli leiks í útiveru og líkamlegrar áreynslu. Börn hafa ríka þörf fyrir að fá að leika sér frjálst, ein eða með öðrum börnum, utandyra þar sem nægt pláss er fyrir hverskonar hreyfingu og örva þannig hreyfiþroska sinn. Þrátt fyrir að foreldrar og kennarar meti mikils þá þörf sem börn hafa

⁴⁷ Bilton. 2002:12

⁴⁸ Snjólaug Pálsdóttir. 2008

⁴⁹ Bilton. 2002:12

⁵⁰ Kristín Dýrfjörð. 2006

fyrir tækifærum til hreyfingar þá gera þeir sér ekki alltaf grein fyrir muninum á frjálsum leik, hreyfingu stýrðri af kennara og íþróttum stýrðum af þjálfara. Ef útileiksvæði leikskóla er vel útfært með það í huga að örva hreyfiþroskann eflist hann við frjálsum leik.⁵¹ Myers⁵² gerði rannsókn þar sem hún bar saman hreyfiþroska leikskólabarna sem annars vegar tóku þátt í skipulagðri hreyfikennslu og hins vegar sem léku sér í frjálsum leik á vel útfærðu útileiksvæði. Niðurstöður Myers sýndu að börn sem léku sér í frjálsum leik efldu hreyfiþroska sinn meira en þau sem voru í sérstakri hreyfikennslu. Frost⁵³ telur þó að besta hreyfiþjálfunin sé sambland af hvoru tveggja.

Jarvis gerði rannsókn á ærslaleik barna (e. rough and tumble play) í meðalstórum leikskóla á Norður Englandi. Úrtakið var 18 börn á fjórða og fimmta aldursári, níu stúlkur og níu drengir. Ærslaleikurinn fór fram í útiveru barnanna og skráði Jarvis vettvangsnótur sínar með stafrænu upptökutæki (e. dictaphone) á meðan hún gekk um á útileiksvæðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að ærslaleikur barna ýtti undir ímyndunarafl þeirra, bjó til aðstæður þar sem þau æfðu sjálfstæði, samkeppni og vandamálaúrlausnir.⁵⁴

Holmes og fleiri rannsökuðu áhrif útiveru á einbeitningargetu meðal 27 leikskólabarna í Norðaustur-Bandaríkjunum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýndu að útivera hefði þau áhrif á vitsmunagetu barna að einbeiting þeirra jókst eftir hana.⁵⁵

2.3.1 Hlutverk leikskólakennara í útiveru

Samkvæmt Perry má skipta hlutverki leikskólakennara í frjálsum leik barna í útiveru í þrjá flokka. Í fyrsta lagi sjá þeir um að skipuleggja útileiksvæðið og búa til ögrandi aðstæður fyrir börnin að takast á við. Í öðru lagi fylgjast þeir með börnunum í leik og taka eftir hvað það er sem vekur áhuga þeirra. Í þriðja lagi stuðla leikskólakennarar að samskiptum barna, þeir aðstoða börn sem þess þurfa og fylgjast með hvernig börn nálgast leikinn.⁵⁶ Bilton telur jákvætt viðhorf leikskólakennara undirstöðuatriði þess að útivera barna sé árangursrík og vísar í McMillan sem sagði lykilinn að árangri í námi barna vera í

⁵¹ Frost ofl. 2005:123–125

⁵² Í Frost ofl. 2005:124–125

⁵³ Í Frost ofl. 2005:125

⁵⁴ Jarvis. 2007:179,185

⁵⁵ Holmes ofl. 2006:738,741

⁵⁶ Perry. 2001:17–19

höndum leikskólakennara.⁵⁷ Samkvæmt Whitehurst⁵⁸ er eitt af hlutverkum leikskólakennarans í útiveru, að gera athuganir á börnum í leik, fylgjast með þeim, athuga hvað þau eru að læra og hvernig megi ýta undir enn frekari lærdóm, þroska og færni. Bilton er á sama máli og telur eitt af hlutverkum leikskólakennara í útiveru að fylgjast með og gera skráningar á athöfnum barna. Hann telur gott að bera saman skráningar af barni í leik, í útiveru og inni. Þannig fáist oft góð mynd af þroska barnsins ef hann er skoðaður frá ólíkum sjónarhornum.⁵⁹ Ein aðferðin við að gera skráningar af börnum, kallast uppeldisfræðilegar skráningar (pedagogisk documentation). Skráningar sýna getu barna og dugnað og eiga að aðstoða leikskólakennara við að meta starf sitt. Hægt er að gera uppeldisfræðilegar skráningar á fjóra vegu. Það er hægt að taka ljósmyndir eða myndskreið, notast við segulband eða skrifa og teikna það sem börn segja og gera.⁶⁰

McLean⁶¹ segir að leikskólakennarar eigi að skipuleggja útiveruna, með það í huga hvaða efniviður eigi að vera í boði og þess háttar. Þeir þurfa sífellt að fara yfir útileiksvæðið og ganga úr skugga um að allt gangi vel fyrir sig innan þess og veita því eftirtekt hvernig samskipti barnanna fara fram.

Cullen gerði rannsókn á útiveru fjörutíu barna á fimmta aldursári í tíu leikskólum í Vestur – Ástralíu. Rannsóknin fór þannig fram að fylgst var með börnunum í útiveru og tekin viðtöl við bæði börnin og leikskólakennarana. Ein af niðurstöðum Cullen var sú að leikur í sandkassa hefur ekki mikla þýðingu fyrir líkams-, sköpunar-, samskipta- og vitsmunapróska barna. Ástæðuna taldi Cullen vera að þáttur leikskólakennarans var takmarkaður í leik barnanna. Leikskólakennarinn á að vera til staðar að mati Cullen, spyrja spurninga og leiða börnin áfram í leiknum. Niðurstöður sýndu einnig að meirihluti barnanna, 62,5%, litu á útiveru sem athöfn þar sem þau voru frjáls og án aðstoðar frá leikskólakennara, hin 37,5% minntust á nokkur form aðstoðar frá kennara, til dæmis ef einhver meiddi sig. Í rannsókn Cullen minntust leikskólakennararnir á átta börn sem þeir töldu þurfa hvatningu til að taka þátt í leik annarra barna. Í gögnum Cullen kom þó fram

⁵⁷ Bilton. 2002:80

⁵⁸ Í Bilton. 2002:82

⁵⁹ Bilton. 2002:83

⁶⁰ Guðrún Alda Harðardóttir. 2006

⁶¹ Í Bilton 2002:83, 93

að hlutverk leikskólakennaranna gagnvart þessum börnum var yfirleitt ekki meira en eftirlitshlutverk.⁶²

Davies hefur rannsakað hlutverk leikskólakennara í útiveru barna, með því að taka viðtöl við átta leikskólakennara. Áður en viðtölin fóru fram var gerð vettvangsathugun til að ganga úr skugga um að viðtölin hefðu ekki áhrif á starfshætti þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að almennt litu leikskólakennararnir á útiveru sem þann tíma sem börnin höfðu til að leika sér frjálst og óhindrað án truflunar frá þeim. Þeir töldu hlutverk sitt vera að fylgjast með leik barnanna, veita stuðning þegar það átti við, stoppa hegðun ef hún var farin að vera hættuleg eða óviðeigandi, bjóða upp á efnivið til leiks og ef áhugi barnanna var fyrir hendi að skipuleggja leiki eða kenna einhverja ákveðna færni. Margir leikskólakennaranna litu á útiveru frá sjónarhorni hreyfipjálfunar og heilsueflingar. Í þeim þætti rannsóknarinnar þar sem fylgst var með starfsháttum leikskólakennaranna með tilliti til þess hvernig þeir nálguðust börnin kom það í ljós að í 71,4% tilfella voru kennarar ekki nálægt börnum í leik sínum. Í þeim 28,6% tilfella þar sem þeir voru nálægt, höfðu þeir ekki afskipti af börnunum í 10,8% tilfella. Mestu afskiptin eða 4,4% tilfella fólust í almennum samræðum milli barna og leikskólakennara. Í 3,7% fólust samskiptin í regluáminningu eða annarri leiðbeiningu af hálfu leikskólakennarans, í 1,8% tilfella var veitt líkamleg aðstoð. Í 1,9% tilfella voru leikskólakennarar að leika með börnunum og í 1,6% tilfella voru þeir í hefðbundnu kennsluhlutverki. Davies bendir á að taka beri þessar niðurstöður með fyrirvara, vegna smæðar úrtaks, áhrif athugunnar á leikskólakennara og fleiri þátta.⁶³ Niðurstöðurnar gefa þó ákveðna vísbendingu sem sjálfsagt er að taka til ígrundunar.

Rannsókn Maynard og fleiri á viðhorfum leikskólakennara í Wales á nýtingu útiveru sem kennslutækis, leiddi í ljós að leikskólakennararnir nýta útiveruna takmarkað í kennslu. Sem dæmi voru leikskólakennararnir mjög háðir veðrum og vindum, fóru til dæmis ekki út ef það var rigning. Í ljós kom að kennararnir notuðust við sömu kennsluaðferðir, úti og inni. Náttúrulegt umhverfi var lítið sem ekkert notað og eingöngu einn þátttakandi kom inn á leik barna sem námsaðferð.⁶⁴

⁶² Cullen. 1993:52–53, 55

⁶³ Davies. 1997:12–16

⁶⁴ Maynard ofl. 2007:258, 262

Af þessu má sjá að leikskólakennarar gegna margvíslegum hlutverkum í útiveru barna. Hlutverk þeirra virðist vera fyrst og fremst að fylgjast með börnunum í leik og vera þeim innan handar og tilbúnir að grípa inn í aðstæður ef þurfa þykir. Merkilegt þykir þó að skoða rannsóknir bæði Davies og Cullen þar sem leikskólakennarar virðast vera fyrst og fremst í eftirlitshlutverki og taka ekki nægjanlega virkan þátt í útiveru barna. Leikskólakennararnir í rannsóknunum telja útiveruna vera þann tíma sem börnin hafa til að leika sér frjálst. Það má velta því fyrir sér hversu virkir leikskólakennararnir eigi að vera?

2.3.2 Útileiksvæði leikskóla og efniviður

Útileiksvæði leikskóla eru hönnuð með alhliða þroska barna í huga. Kristín Norðdal bendir á að það sé ekki háð tilviljunum hvernig útileiksvæðin eru skipulögð. Rólur, klifurgrindur, rennibrautir, hjól og vegasölt eiga öll að örva hreyfingu barna í útiveru, undirlagið er jafnvel haft mishæðótt í sama tilgangi.⁶⁵

Að mati Barbour hefur efniviður, tæki og rými á útileiksvæði barna áhrif á líkams- og félagsfærni þeirra og geta útileiksvæði stuðlað að eða dregið úr virkni og samskiptum barna með mismunandi líkamsgetu. Útileiksvæði sem eru hönnuð með það í huga að efla leiki sem krefjast mikillar líkamlegrar áreynslu höfða vel til barna með góða líkams- og hreyfifærni. Slík leiksvæði höfða ekki jafnvel til barna með litla líkams- og hreyfifærni, þau geta því dregið úr virkni þessara barna og komið í veg fyrir samskipti barnanna á milli.⁶⁶ Börn á leikskólaaldri hafa þörf fyrir fjölbreytt útileiksvæði, að mati Rivkin þurfa útileiksvæði að bjóða upp á þá möguleika að þar sé hægt að hlaupa um, hoppa, klifra, renna sér, dansa og hjóla svo eitthvað sé nefnt. Á útileiksvæði þarf að vera aðstaða fyrir hlutverkaleiki, til dæmis með litlum húsum. Auk þess taldi Rivkin mikilvægt að bjóða upp á efnivið til listsköpunar, þar sem útileiksvæðið er kjörinn staður til slíkrar iðkunar vegna þess að þar má sullast út fyrir.⁶⁷ Samkvæmt Frost og fleirum eykst áhugi leikskólabarna á reglu- og hópaleikjum á fjórða og fimmta aldursári, slétt, grasvaxið svæði gerir börnum kleift að stunda slíka leiki.⁶⁸

⁶⁵ Kristín Norðdahl. 2005a

⁶⁶ Barbour. 1999:94–95

⁶⁷ Rivkin. 2000

⁶⁸ Frost ofl. 2005:308–309

Áhættutaka (e. risk-taking) fjögurra ára gamalla barna í útiveru vakti áhuga Stephenson þegar hún rannsakaði útiveru 0–5 ára barna í leikskóla á Nýja-Sjálandi. Stephenson komst að því að þeir þættir sem fjögurra ára gamalt barn upplifir sem hættulega var eitthvað sem var nýtt fyrir þeim, eitthvað sem þau höfðu ekki fulla stjórn á vegna hæðar eða hraða eða þar sem þau þurftu að yfirstíga hræðslu. Leiktæki sem buðu upp á þessa möguleika voru meðal annars, rennibrautir, rólur, klifurrammar og hjól, ef eltingarleikur var í gangi. Stephenson komst einnig að því að leikskólakennarar gegndu mikilvægu hlutverki í áhættutöku barna. Vilji þeirra til að leyfa börnum að taka áhættu innan skynsamlegra marka skipti meira máli en þau leiktæki sem í boði voru.⁶⁹ Þessi athugun Stephenson bendir til þess að ögrandi leiksvæði getur uppfyllt áhættuþörf barna, ef leikskólakennararnir hafa jákvæða afstöðu til þess.

Að mati Cardon og fleiri hefur stærð útileiksvæðis og lengd útiverunnar áhrif á virkni barna. Að þessu komust þau þegar áhrif útileiksvæðis á líkamlega virkni barna var rannsökuð. Rannsóknin var framkvæmd í þrjátíu og níu leikskólum í Belgíu. Aðrar niðurstöður bentu til að harðara undirlag jók virkni drengja og að fjöldi kennara í útiveru hafði neikvæð áhrif á virkni stúlkanna. Rannsakendur veltu fyrir sér hvort ástæðan fyrir neikvæðu áhrifunum væri sú að kennararnir sátu eða stóðu kyrrir á meðan þeir fylgdust með börnunum. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi þess að kennarar séu virkir á meðan á útiveru stendur og stuðla um leið að virkni barnanna í leik þeirra.⁷⁰

Greenfield kannaði hvort fimm ára börn gætu gert grein fyrir viðhorfum sínum til leiksvæða með myndavélum. Út frá myndum barnanna og með samræðum við þau komst Greenfield að því að sandkassinn, rólur, hjól, „þotu“rennibraut (e. zoom slide), hæð og skógur voru eftirlæti barnanna. Þegar Greenfield spurði börnin hverju þau vildu breyta á útileiksvæðinu, komu tilögur á borð við fleiri hjól, klifurtæki (e. gym bar) og vatnsból (e. water feature). Öll börnin nutu þess að vera úti og sögðust öll nema eitt frekar vilja vera úti en inni.⁷¹ Svipað kom fram í rannsókn Cullen þegar hún spurði fjörutíu börn í tíu leikskólum hvaða leiktæki þeim þætti skemmtilegust. Þar voru það sandkassinn, tilbúin leiktæki, þríhjól og rólur sem vöktu mesta lukku meðal barnanna.⁷²

⁶⁹ Stephenson. 2003:36–38,40

⁷⁰ Cardon ofl. 2008

⁷¹ Greenfield. 2004

⁷² Cullen. 1993:52–53

Þegar útileiksvæði er byggt á Íslandi eru ákveðnar reglugerðir sem þarf að fara eftir. Reglugerð nr. 942 frá 2002 segir til um að hverju þarf að huga við skipulag og byggingu útileiksvæðis, þar á meðal eru þættir eins og umhverfisþættir, hreinlætisþættir, öryggisþættir og eftirlitsþættir. Að mörgu er að hyggja þegar útileiksvæði barna er valið, sem dæmi má útileiksvæði ekki vera staðsett þar sem börnum stafar hættu af umhverfinu, hvort sem það er vegna umferðar, fallhættu eða vegna hættu á drukknun. Lýsing skal vera góð á leiksvæðum barna og vanda allan frágang þannig að börnum stafi engin hættu af. Öll þau leiktæki sem flutt eru til landsins skulu standast þá öryggisstaðla sem settir eru og skal gæta þess að þau séu vel uppsett og að upplýsingar fylgi með um hvaða aldri þessi tæki hæfa. Heilbrigðisnefndir bera ábyrgð á ytra eftirliti með leiksvæðum en hversu oft það eftirlit fer fram fer eftir mati hvers fulltrúa fyrir sig. Rekstraraðilar hafa umsjón með innra eftirliti sem framkvæmt skal með gátlista og slysaskráningu. Ber hann ábyrgð á að láta vita ef eitthvað athugasvert er við leiktækin.⁷³

2.3.3 Að leika úti í náttúrunni

Kristín Norðdahl heldur því fram að flest börn kynnist náttúrunni með því að skoða bækur, horfa á sjónvarpið eða í gegnum bílrúðuna þegar þau keyra um. Hún telur að börn fái ekki lengur tækifæri til þess að upplifa náttúruna frá eigin hendi og þroskast í samfloti við hana.⁷⁴ Einn af kostum náttúrulegs umhverfis er fjölbreytileikinn og að það er ekki til nein ein rétt notkun á þeim efnivið sem þar finnst. Til dæmis má nota trjágrein sem veiðistöng, hest eða húspak, allt eftir því sem ímyndunarafl barnsins leyfir.⁷⁵ Náttúran auðgar hugmyndaflug barna um leið og hún býður upp á heillandi efnivið sem gefur huganum frjálsan taum.⁷⁶ Að mati Searles⁷⁷ öðlast börn þekkingu á eigin getu og hæfileikum með nánnum tengslum við náttúrulegt umhverfi. Þau fá útrás fyrir tilfinningar og losa þannig um spennu auk þess sem þau uppgötva takmarkanir sínar. Lindholm⁷⁸ heldur því fram að náttúrulegt umhverfi bjóði upp á fjölbreyttari leiktækifæri en manngert umhverfi gerir.

⁷³ Stjórnartíðindi. 2002

⁷⁴ Kristín Norðdahl. 2005a

⁷⁵ Kristín Norðdahl. 2005a

⁷⁶ Grahn ofl. 1997:5

⁷⁷ Í Grahn ofl. 1997:3

⁷⁸ Í Grahn ofl. 1997: 6

Nokkrar rannsóknir og þróunarverkefni á útiveru barna í náttúrulegu umhverfi hafa bent til þess að það hefur jákvæð áhrif á þroska barna.⁷⁹ Grahn og fleiri gerðu samanburðarrannsókn á útiveru barna í tveimur leikskólum í Svíþjóð. Annar leikskólinn var hefðbundinn borgarleikskóli með venjulegt útileiksvæði, með sandkassa, rólur, hjólastíga, smá gróður og klifurkastala. Hinn leikskólinn vann eftir hugmyndafræðinni „að vera úti í öllum veðrum“, útileiksvæði hans einkenndist af ósléttu undirlagi, viltum gróðri, trjám og steinum auk sandkassa, rólu, strengbrautar og litlu húsi. Rannsóknin beindist að hreyfiþroska barnanna, einbeitingargetu þeirra, veikindadögum og leik þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að börnin í leikskólanum sem voru úti í öllum veðrum voru síður veik, stóðu betur að vígi hvað hreyfiþroska og einbeitingu varðar og leikur þeirra var innihaldsríkari, en barnanna í hefðbundna leikskólanum.⁸⁰

Fjórtoft rannsakaði áhrif náttúrulegs umhverfis á leik barna og hreyfiþroska þeirra. Komst hún að því að útileiksvæði í náttúrulegu umhverfi bauð upp á mismunandi efnivið og gróðurfar sem hafði áhrif á leik barnanna. Hvert svæði bauð upp á margvíslegan leik, til dæmis buðu brekkur upp á þann möguleika að hægt var að renna sér þar og hægt var að nota tré og kletta til klífurs. Eins komst Fjórtoft að því að árstíðir og loftslag hafa áhrif á leik barna. Til dæmis gat smá snjólag yfir jörðu gefið þann möguleika að hægt væri að renna sér á skíðum eða að auðveldara var að klifra í sumum trjánum. Fjórtoft dró þá ályktun að breytingar í landslagi hefðu áhrif á hegðun barna í leik.⁸¹

Á árunum 2002–2004 stóð leikskólinn Álfheimar á Selfossi að þróunarverkefninu *Út um mó inn í skóg* en eitt af markmiðum verkefnisins var að efla leik í náttúrulegu umhverfi. Til að ná markmiðinu var farið með börn í tíðar ferðir í skógarreit í nágrenni leikskólans.⁸² Börn, foreldrar og leikskólakennarar voru ánægð með útkomu verkefnisins. Börnin nutu frelsisins í skóginum, lærðu að vera úti í öllum veðrum auk þess hafði veran í skóginum áhrif á ímyndunarafli, sköpunargleði og hugmyndaflug þeirra. Leikskólakennarar og foreldrar voru á sama máli um að hreyfiþroski barnanna

⁷⁹ Kristín Norðdahl. 2005a; Grahn ofl. 1997:96–97; Fjórtoft. 2004:37–38

⁸⁰ Grahn ofl. 1997:96–97

⁸¹ Fjórtoft. 2004:37–38

⁸² Kristín Norðdahl. 2005b:1–3, 40

hefði eflst við þessar ferðir, þar sem skógurinn byði upp á öðruvísi hreyfingu en útileiksvæði leikskólans. Einnig lærðu börnin um náttúruna með því að vera í henni.⁸³

Kuo og fleiri hafa rannsakað áhrif náttúrulegs umhverfis á börn með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD), rannsóknin náði til 452 barna á aldrinum 5–18 ára í Bandaríkjunum. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að vera barna í náttúrulegu umhverfi dregur meira úr einkennum athyglisbrests og ofvirkni heldur en ef þau eru á leikvelli eða innan dyra.⁸⁴

2.4 Hreyfifroski barna

Hreyfing er miðpunkturinn í lífi barna og tengist hún öllum þroskaþáttum þeirra.⁸⁵ Í þessum kafla verður fjallað almennt um hreyfifroska barna, farið yfir þær breytingar sem eiga sér stað á hreyfifroska barna þegar þau eru í leikskóla og fjallað um tengsl hreyfifroska og útiveru.

2.4.1 Almennt um hreyfifroska barna

Árið 2006 voru 16.791 barn á aldrinum tveggja til fimm ára á Íslandi,⁸⁶ af þessum börnum voru 94% í leikskóla eða alls 15.733.⁸⁷ Samkvæmt Gallahue og fleirum er tímabilið sem börn verja í leikskóla sá tími sem stöðug hæðar-, þyngdar- og vöðvamassaaukning á sér stað. Því telja þeir upplagt að örva og þjálfa fjölbreytta hreyfifærni á þessu tímabili. Leikurinn er sú athöfn sem mestur tími af vökutíma barna fer í á þessum árum og í gegnum hann læra þau inn á líkama sinn og hvernig þau geta notað hann til hreyfingar. Með forvitni og könnun á umhverfi sínu telur Gallahue að börn leiti sér nýrrar þekkingar. Þau læra nýjar hreyfingar og örva hreyfifroska sinn með því að hlaupa, hoppa, klifra og kasta hlutum. Smátt og smátt öðlast þau betri stjórn á hreyfingum sínum og njóta þess að takast á við ný verkefni.⁸⁸

Í rannsókn Hermundar Sigmundssonar og Rostoft á hreyfifrogu fjögurra ára barna í Noregi kom í ljós að af 91 barni var aðeins eitt sem féll undir skilgreininguna

⁸³ Kristín Norðdahl. 2005a

⁸⁴ Kuo ofl. 2004:1581–1583

⁸⁵ Gallahue. 1993:24

⁸⁶ Hagstofa Íslands. 2008c

⁸⁷ Hagstofa Íslands. 2008d

⁸⁸ Gallahue ofl. 2006:171, 173–174, 176

„klaufalegur“ (e. clumsy) en sjö voru á mörkunum. Vitnað er til svipaðra rannsókna sem gerðar hafa verið á sjö til tíu ára gömlum börnum, þar sem 6–10% þeirra féllu undir skilgreininguna „klaufalegur“. Rannsakendur leita skýringa á því hvers vegna fleiri eldri börn falla í þennan flokk. Ein af ástæðunum telja þau vera að börn sem eru á mörkum þess að falla undir skilgreininguna „klaufalegur“ taki síður þátt í hreyfiathöfnum og þrói því síður hreyfiþroska sinn. Önnur niðurstaða rannsóknarinnar er að strákar voru frekar í þeim hópi sem var á mörkum þess að vera „klaufalegir“.⁸⁹

Hjá Gallahue kemur fram að mörgu þarf að hyggja varðandi hreyfiþroska barna á leikskólaaldri. Varðandi hreyfikennslu í leikskólum, er talið mikilvægt að bjóða upp á mörg tækifæri fyrir leiki sem örva grófhreyfingar hvort sem um er að ræða frjálsan leik eða leik undir stjórn kennara. Leitast skal eftir því að skapa aðstæður þar sem börn þurfa að leysa vandamál og kanna umhverfið með hreyfingum. Með því er ýtt undir ímyndunarafl barna og þörf þeirra til að rannsaka. Ekki má gleyma að þjálfari efri líkamann, svo sem hendur og axlir og hafa í huga að gæta að þroska hvers barns við áætlunargerð í hreyfingu.⁹⁰ Af þessu má sjá mikilvægi þess að leikskólinn bjóði upp á markvissar hreyfistundir, utan- sem innandyra.

2.4.2 Breytingar á hreyfiþroska á leikskólaárum

Eins og áður hefur komið fram eykst líkamlegur þroski barna á leikskólaaldri töluvert. En hvaða breytingar eiga sér stað á hreyfiþroska barna á þessum aldri? Í þessum kafla verður farið í þær breytingar sem eiga sér stað á gróf- og finnhreyfingum leikskólabarna.

2.4.2.1 Grófhreyfingar barna

Með hugtakinu grófhreyfingar er átt við þær hreyfingar sem notast við allan líkamann eða allavega stóran part hans. Þetta eru hreyfingar á borð við að hlaupa, stökkva, kasta eða grípa.⁹¹ Samkvæmt Santrock hrífast börn á þriðja aldursári af einföldum grófhreyfingum, líkt og hoppa eða hlaupa aftur á bak og áfram. Fjögurra og fimm ára gömul börn njóta

⁸⁹ Hermundur Sigmundsson. 2003:456–457

⁹⁰ Gallahue ofl. 2006:177–178

⁹¹ Doherty ofl. 2003:35

þessara hreyfinga einnig nema hvað þær verða sífelldar, til dæmis er ekki ólíklegt að sjá sjálföruggt fimm ára gamalt barn klifrandi út um allt.⁹²

Í flestum fræðibókum sem fjalla um hreyfifroska barna, koma fram sömu viðhorf til þeirra breytinga sem eiga sér stað á grófhreyfifroska barna á leikskólaaldri. Jafnvægi barna eykst, sem gerir það að verkum að þau verða sveigjanlegri og eiga auðveldara með að hlaupa, standa eða hoppa á öðrum fæti. Samhæfing augna og handa eflist sem gerir börnum kleift að grípa, kasta og drippla bolta. Með aukinni samhæfingu handa og fóta eflist hæfileiki barna til að læra á tvíhjól, skauta, skíði og sippa. Göngulag barna hefur breyst úr smábarnagöngulaginu og líkist meira fullorðinsgöngulagi við lok leikskólagöngunnar.⁹³

2.4.2.2 Fínhreyfingar barna

Með orðinu fínhreyfingar er átt við þær hreyfingar sem krefjast nákvæmni og lipurðar og felst oftast í samhæfingu milli augna og handa. Meðal þeirra hreyfinga sem falla undir þessa skilgreiningu eru að skrifa, teikna, klippa með skærum og að handleika smáhluti.⁹⁴ Fínhreyfingar barna, líkt og grófhreyfingar, þroskast mikið á leikskólaaldri. Samkvæmt Frost eykst nákvæmni fingra- og handahreyfinga barna milli þriggja og fimm ára aldurs.⁹⁵ Hæfni til að fletta bókum, klippa með skærum, beita skriffærum, þræða perlur og púsla, eykst, svo dæmi séu tekin.⁹⁶ Það kemur einnig fram hjá Álfheiði Steinþórsdóttur og Guðfinnu Eydal að mikil framför á sér stað í getu barna til að klæða sig í og úr fatnaði þegar þau eru á leikskólaaldri. Sem dæmi um það nefna þær að börn um tveggja ára aldur geta klætt sig úr fötunum en þurfa oft hjálp við að klæða sig í þau aftur. Nokkrum árum síðar eða um fimm ára aldur eru þau aftur á móti mun sjálfstæðari í þessum efnum og æfa sig nú í að hneppa og binda hnúta.⁹⁷ Þó má geta þess að tveggja og þriggja ára gömul börn geta klætt sig í og úr fatnaði ef unnið er markvisst með þann þátt.

⁹² Santrock. 2006:229

⁹³ Álfheiður Steinþórsdóttir ofl. 2003:69–71, 78–79, 86–87, 93; Santrock. 2006:229–230; Cech ofl. 2002:77–79; Jalongo ofl. 2000:80–83

⁹⁴ Doherty ofl. 2003:35

⁹⁵ Frost ofl. 2005:123

⁹⁶ Álfheiður Steinþórsdóttir ofl. 2003:70, 78–79, 87–88, 93–94; Frost ofl. 2005:123; Santrock. 2006:229–230; Jalongo ofl. 2000:82–83

⁹⁷ Álfheiður Steinþórsdóttir ofl. 2003:70, 93–94

2.4.3 Hreyfifroski og útivera

Sutcliffe⁹⁸ áleit útiveru óaðskiljanlegan hluta af lærdómsumhverfi barna en taldi jafnframt að hún byði upp á einstakt tækifæri til að örva líkamsfærni þeirra og fullnægja ævintýrabörfum. Jafnframt taldi hann að þær líkamlegu athafnir sem börn fást við í útiveru geti, á jákvæðan hátt, fullnægt þörfum þeirra fyrir ögrun og spennu. Til að mynda örva leiktæki svo sem klifurgrindur, hjól og steinar, líkams- og hreyfifroska þeirra á margskonar hátt. Í gegnum slíkan leik þurfa börn að leysa ýmis vandamál sem lúta að hreyfingu, meta hættur, læra að treysta líkama sínum og eiga samskipti við aðra. Allt þetta krefst þess að þau noti ýmsa líkamlega færni og séu þátttakendur í líkamlegri athöfn. Sandborgh⁹⁹ telur útiveru vera besta vettvanginn til að örva grófhreyfingar.

Fjörtóft komst að því í rannsókn sinn á hreyfifroska barna að leikur sem byggist að mestu á líkamlegri áreynslu og fer fram í náttúrulegu umhverfi hefur mikil áhrif á hreyfifroskann.¹⁰⁰ Samkvæmt Hannon og Brown eykur það hreyfingu barna í útiveru að setja hreyfiörvandi efnivið líkt og grindur til að hoppa yfir, hringi til að hoppa í gegnum, jafnvægisslá, grjónapunga og bolta, á útileiksvæði barna.¹⁰¹ Á útileiksvæði ætti að vera boðið upp á aðra möguleika til leikja en á innileiksvæði. Líkt og áður hefur komið fram þurfa börn að fá tækifæri á að hlaupa frjálst um og leika sér úti. Þar geta börn hreyft líkama sinn óhindrað og leikið sér í ímynduðum- og ævintýraleikjum og stokkið úr einu hlutverki í annað. Í gegnum hreyfinguna læra börnin á líkama sinn, möguleika hans og takmarkanir. Þau læra líka um rými og áttir sem er mikilvægt fyrir þau þegar farið er að læra lestur og skrift. Börn tjá tilfinningar sínar í gegnum hreyfingar, til að mynda með því að hoppa af gleði eða stappa niður fótum vegna reiði.¹⁰²

2.5 Samantekt

Í kaflanum hefur verið komið inn á ýmsa þætti útiveru barna og rannsóknir sem gerðar hafa verið á viðfangsefninu kynntar til sögunnar. Ef litið er á þær breytingar sem verða á hreyfifroska barna á því tímabili sem þau dvelja í leikskóla má glögg sjá þörfina fyrir að

⁹⁸ Í Doherty. 2003:12

⁹⁹ Í Grahn ofl. 1997:12

¹⁰⁰ Fjörtóft. 2004:38–39

¹⁰¹ Hannon ofl. 2008

¹⁰² Bilton. 2002:110–111

leikskólinn bjóði upp á fjölmörg tækifæri fyrir hreyfingu barna, hvort sem þau hreyfa sig frjálst, óhindrað og af eigin hvötum eða undir leiðsögn leikskólakennara. Eins og þær rannsóknir sem hér hefur verið fjallað um sýna hefur útiveran, jafnt innan leiksvæða leikskóla sem og í náttúrulegu umhverfi, áhrif á hreyfiþroska barna. Því má leiða að því líkum að útivera hafi gildi fyrir börnin og skipti máli fyrir þroska þeirra.

Sýnt hefur verið fram á að útiveran sé sá tími sem börn hafa til að leika sér frjálst og óhindrað. Ekki má gleyma því að hlutverk leikskólakennarans í uppeldi og menntun leikskólabarna er viðamikil jafnt í útiveru sem inniveru, þeir þurfa að geta gripið inn í og leiðbeint börnum í leik og námi. Því er mikilvægt að leikskólakennarinn sé vel vakandi og fylgist með leik barna, til dæmis með því að skrá niður þær athafnir og samskipti sem eiga sér stað.

Fræðimennirnir Fröbel, McMillan og Gardner hafa sýnt fram á gildi náttúrunnar fyrir börn og samkvæmt þeim er nánd barna við náttúruna mikilvæg fyrir alhliða þroska þeirra. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á gildi náttúrunnar og áhrif leiks í náttúrulegu umhverfi á hreyfiþroska, sköpunargáfu, ímyndunarafli og hugmyndaflug barna. Auk þess virðast börn læra um náttúruna með því að verja tíma þar.

3 Rannsóknin

Í eftirfarandi kafla verður fjallað um þá þætti sem snúa að rannsókninni sem framkvæmd var til að leita svara við rannsóknarspurningunni: *Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?* Unnið var samkvæmt aðferð eigindlegra rannsókna (e. qualitative research). Strauss og Corbin útskýra þessa aðferð á þá leið að niðurstöður slíkra rannsókna eru ekki settar fram með notkun tölfræði eða annarra mælanlegra kvarða. Þó getur verið að hluti rannsóknargagnanna séu mælanlegir, til dæmis bakgrunnsupplýsingar þátttakenda. Misjafnt er hvaða leið rannsakendur fara við gagnasöfnun í eigindlegum rannsóknum, viðtöl (e. interview) eða einhvers konar athuganir á fyrirbærum eru dæmigerðar gagnaöflunarleiðir í eigindlegri rannsókn. Aðferðafræðin gagnast þegar verið er að kanna eða skoða huglæg fyrirbæri eða tilvik, eins og upplifanir einstaklinga, tilfinningar þeirra eða skoðanir sem erfitt getur verið að gera grein fyrir með meginlegum aðferðum (e. quantitative research).¹⁰³ Bogdan og Biklen nefna fimm einkenni eigindlegra rannsóknaraðferða. Þessi einkenni eru; viðfangsefni eru rannsökuð í sínu umhverfi, eigindleg rannsóknargögn eru lýsandi, eigindlegur rannsakandi lætur sig varða um efnið, hann skoðar gögnin út frá því að hverju þau leiða og þær hafa merkingu fyrir rannsakanda.¹⁰⁴ Þar sem ætlunin er að skyggjast inn í hugarheim leikskólakennara og skoða viðhorf þeirra til útiveru barna, hentar vel að nota viðtal. Lagt var upp með að fá meiri dýpt í svörin heldur en til dæmis einföld já eða nei, sem hefði verið raunin ef sendur hefði verið út spurningalisti þar sem spurt er staðlaðra spurninga. Annað markmið rannsóknarinnar er að bera saman viðhorf íslenskra og finnskra leikskólakennara til útiveru barna og viðhorf nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra sem hafa langa starfsreynslu. Því flokkast rannsóknin einnig sem samanburðarrannsókn.

3.1 Gagnasöfnun

Gagnasöfnun hófst í október 2007 í Finnlandi en þar voru tekin viðtöl við tvo finnska leikskólakennara. Í desember 2007 voru síðan viðtöl við tvo íslenska leikskólakennara. Í

¹⁰³ Strauss ofl. 1998: 10–11

¹⁰⁴ Bogdan ofl. 2007:4–7

Þessum kafla verður fjallað um gagnasöfnun, þátttakendur rannsóknarinnar kynntir og sagt frá þeim leyfum sem fengin voru fyrir rannsókninni.

3.1.1 Viðtöl

Samkvæmt Goodwin og Goodwin eru viðtöl (e. interview) önnur stærsta aðferðin við gangaöflun innan eigindlegra rannsóknnaaðferða. Þau gefa rannsakandanum tækifæri á að fræðast um viðhorf viðmælandans á rannsóknarefninu. Hlutverk rannsakandans er að varpa fram spurningum í þeirri von um að viðmælandinn fari á flug og láti orðin flæða.¹⁰⁵ Seidman segir tilgang viðtala hvorki þann að svara spurningum og tilgátum né til að meta eitthvað. Viðtali sé fyrst og fremst ætlað að reyna að skilja reynsluheim viðmælandans og hvaða merkingu sú reynsla hefur fyrir viðkomandi. Vítar hann til Ferrarotti þegar hann segir að félagslegar athafnir líkt og menntun er best skilin með því að þekkja reynslu þeirra sem vinna með hana.¹⁰⁶ Í Bogdan og Biklen kemur fram að þar sem viðtöl eru aðalgagnasöfnunin eru þátttakendur og rannsakendur oftast ókunnugir, því hefjast oft viðtölin á spjalli um daginn og veginn. Hægt er að flokka viðtöl eftir því hvernig þau eru uppbyggð og felst munurinn í því hversu stýrandi rannsakandinn er. Í hálfopnum viðtölum (e. open-ended interview) er stuðst við viðtalsramma en þátttakandinn hefur þó tækifæri til að hafa áhrif á viðtalið.¹⁰⁷ Bogdan og Biklen segja grundvöll eigindlegra viðtala þann að rannsakandinn forðist lokaðar spurningar sem hægt er að svara játandi eða neitandi og reyni frekar að spyrja opinna spurninga. Annar mikilvægur þáttur í viðtölum er að rannsakandinn sé virkur hlustandi og reyni að nýta hvert tækifæri sem gefst til að afla meiri upplýsinga frá þátttakandanum. Auk þess þarf rannsakandinn að vera viðbúin því að breyta upphaflegri áætlun sinni og nýta þau tækifæri sem viðtalið veitir.¹⁰⁸ Viðtölin í þessari rannsókn voru öll hálf opin viðtöl (e. open-ended interview) þar sem lagt var upp með ákveðinn viðtalsramma.¹⁰⁹ Þessi viðtalsrammi byggðist á rannsóknarspurningunni: *Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?* Og hliðarrannsóknarspurningunni: *Hvað segja leikskólakennarar um tengingu hreyfiþroska*

¹⁰⁵ Goodwin ofl. 1996:134

¹⁰⁶ Seidman, 1998:3–4

¹⁰⁷ Bogdan ofl. 2007:103–104

¹⁰⁸ Bogdan ofl. 2007:104–106

¹⁰⁹ Sjá fylgiskjal 1 og 2

og *útiveru*? Viðtalsrammarnir eru annars vegar á íslensku og hins vegar á ensku þar sem helmingur þátttakenda voru finnskir.

3.1.2 Þátttakendur

Við val á þátttakendum var gengið út frá ákveðnum viðmiðum, það er starfsaldri og þjóðerni. Tveir þátttakendur voru valdir vegna langs starfsaldurs og tveir vegna þess að þeir voru tiltölulega nýútskrifaðir og því með stuttan starfsaldur, þannig fékkst nokkuð við sýn á viðhorfum leikskólakennara. Vegna þess að þetta er samanburðarrannsókn voru tveir þátttakenda finnskir og tveir íslenskir. Til að ekki sé hægt að rekja neinar upplýsingar til þátttakandanna er þeim gefin ný nöfn og verður ávallt rætt um þá undir þeim nöfnum.

Hver þátttakandi fékk að velja sér þann stað og stund sem hann taldi henta best fyrir sitt viðtal, gengið var úr skugga um að rólegheit væru á staðnum til að koma í veg fyrir truflun. Tvö viðtöl fóru fram á vinnustað viðkomandi, eitt fór fram í háskólahúsnæði og eitt fór fram í heimahúsi. Að minnsta kosti viku áður en hvert viðtal fór fram fengu þátttakendurnir viðtalsrammann í hendurnar, annað hvort í gegnum tölvupóst eða afhent í eigin persónu. Hvert viðtal stóð frá þrjátíu mínútum upp í fimmtíu mínútur og voru viðtölin tekin upp á stafrænt upptökutæki (e. dictaphone) að fengnu samþykki þátttakenda.

3.1.2.1 Kynning á þátttakendum

Fjórir leikskólakennarar tóku þátt í rannsókninni. Til að lesandinn fái betri innsýn í niðurstöðurnar, var sett saman stutt kynning á hverjum þátttakanda.

Anna Hermannsdóttir útskrifaðist sem leikskólakennari fyrir um þrjátíu árum síðan og hefur starfað sem slíkur meira og minna frá útskrift. Hún hefur gegnt flestum störfum innan leikskólans, það er almennur leikskólakennari, unnið með sérkennslu, sem aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri. Anna er um 55 ára gömul, hress, ákveðin og lætur skoðanir sínar í ljós. Elva Sigurðardóttir er íslenskur leikskólakennari og útskrifaðist vorið 2007. Elva er um 25 ára gömul og hefur starfað sem leikskólakennari frá útskrift. Hún er glaðleg kona, þó það ríki yfir henni rólegt yfirbragð leynir hún ekki skoðunum sínum.

Erja Hyypiä er finnskur leikskólakennari um fimmtugt. Hún hefur starfað sem leikskólakennari víðsvegar um Finnland undanfarin 30 ár og líkt og Anna hefur hún gegnt ýmsum störfum innan leikskólans, meðal annars sem stjórnandi og almennur leikskólakennari. Það sem helst einkennir Erju er léttleiki, ákveðni og spaugsemi, óhætt er að segja að oft var mikið hlegið í þessu viðtali, sem kannski mátti rekja til tungumálaörðugleika. Marja Häkkinen er 23ja ára, hún útskrifaðist sem leikskólakennari árið 2007. Marja hefur mjög stutta starfsreynslu inni í leikskóla þar sem hún hefur aðallega unnið í afleysingum. Þegar viðtalið átti sér stað var hún í meistaranámi. Marja er róleg manneskja sem býr yfir mikilli visku.

3.1.3 Leyfi

Í öllum tilfellunum var haft samband við þátttakendur, þeir upplýstir um efni viðtalsins, hvaða ástæður lágu að baki og tilgang þess. Í upphafi hvers viðtals var hver þátttakandi spurður hvort það mætti nota viðtalið sem gögn í lokaverkefni til bakkalárgráðu í leikskólafræðum. Gaf hver og einn þátttakandi leyfi sitt. Auk þess var rannsóknin tilkynnt til persónuverndar.

3.2 Greining gagna

Eftir að hafa hlustað á viðtölin voru þau öll afrituð orðrétt inn í tölvu. Við greiningu gagna var beitt svokölluðu kóðakerfi (e. coding) til að skipuleggja efnið. Það sem felst í því að búa til kóðakerfi er að fara yfir rannsóknarefnið og finna sameiginlega þætti sem settir eru saman. Bogdan og Biklen líkja þessu við sal fullan af leikföngum sem þarf að flokka eftir vörumerki, lit, stærð og þess háttar.¹¹⁰ Til að greina viðtölin var notast við eftirfarandi kóða:

- Viðhorf leikskólakennara til útiveru barna
 - Almennt viðhorf
 - Leiksvæði barna, efniviður og viðfangsefni þeirra í útiveru
 - Hlutverk leikskólakennara í útiveru barna
 - Gildi náttúru fyrir útiveru barna
- Munur á viðhorfi íslenskra og finnskra leikskólakennara

¹¹⁰ Bogdan ofl. 2007:173

- Munur á viðhorfi nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra með langa starfsreynslu
- Tenging hreyfiproska barna og útiveru

Þar sem helmingur þátttakanda voru finnskir fóru viðtölin við þá fram á ensku. Greining þessara viðtala var einnig á ensku.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Niðurstöðurnar voru greindar eftir kóðum, við val á þeim var rannsóknarspurningin: *Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?* höfð til hliðsjónar. Notast var við eftirfarandi kóða: *Almennt viðhorf leikskólakennara, skoðun leikskólakennara á leiksvæði barna, efniviði og viðfangsefnum þeirra, hlutverk leikskólakennara í útiveru barna og gildi náttúrunnar fyrir útiveru barna.* Hliðarrannsóknarspurningarnar voru: *Er munur á viðhorfi finnskra og íslenskra leikskólakennara? Er munur á viðhorfi nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra sem hafa langa starfsreynslu? Hvað segja leikskólakennarar um tengingu hreyfiþroska og útiveru?* Þar sem vitnað verður til finnsku þátttakendanna verður notuð enska þar sem viðtölin við þá fórum fram á ensku, eins og áður hefur komið fram. Það skal tekið fram að ekki er hægt að alhæfa út frá niðurstöðum rannsóknarinnar, en þær geta gefið vísbendingar um viðhorf leikskólakennara til útiveru barna.

4.1 *Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?*

4.1.1 **Almennt viðhorf leikskólakennara**

Það mátti greina jákvætt viðhorf hjá öllum leikskólakennurunum til útiveru barna og litu þeir allir á þennan þátt í leikskólastarfinu sem þann tíma sem börn hefðu frelsi til að gera það sem vakti hjá þeim áhuga. Erja kom inn á tengingu hreystis og útiveru þegar hún sagði:

... healthy body is so important and for children it is very important to have a time outside and play there. Because it's their free time and they can choose their ways which they play, they can run and shout and they can move as they like. You know and they can choose what they do.

Anna tekur í sama streng og Erja, en hún lítur á útiveru sem þann tíma sem börnin eiga að leika sér án mikillar aðstoðar frá leikskólakennurum og bætti við að úti gefist börnum kostur á því að þenja raddböndin og minntist hún á „inni- og útirödd“ í því samhengi. Svipað kom fram hjá Elvu, hún sagði: „Það hafa náttúrulega öll börn gott af því að fara út

bara þó ekki sé nema bara [að] mega hlaupa um án þess að það sé alltaf verið að sussa á þau eða stoppa þau.“

Flestir leikskólakennararnir voru á því að útivera barnanna spannaði frá einum upp í þrjá klukkutíma á hverjum degi. Anna og Elva lögðu báðar áherslu á að þessi tími væri sveigjanlegur, bæði vegna veðurfars og annars leikskólastarfs. Anna sagði ennfremur:

...mér finnst nú sko auðvitað eins og með lengd útiveru [að] auðvitað fer það eftir veðri, eins og á sumrin þá hættir okkur kannski stundum til [þess að], ef það er gott veður, að vera bara alveg úti. ...[manni] langar mest til þess en þá er voða gott að fara inn líka og hvíla sig þínu á útiverunni.

Varðandi lengd á útiverunni sagði Anna:

... mér finnst ég ekki geta sagt eitthvað til um einhverja lengd. Mér finnst þetta eins og núna eftir að við erum að fara út rétt upp úr níu og erum að koma inn rétt upp úr tíu, þetta er svona klukkutími og svipað eftir hádegi. Mér finnst það bara mjög - það hefur reynst, finnst mér, bara hæfilegur tími.

Marja sagði að hún vildi alveg sjá útiveruna aðeins lengri en taldi að það færi eftir því hvernig útileiksvæði leikskólans væri. Hún bendir á að börnin séu úti þegar foreldrarnir koma að sækja þau, þannig að það fer eftir dvalartíma barnanna, hversu mikla útiveru þau fá. Að sumu leiti finnst henni þetta óheppilegt með tilliti til þess barns sem er sótt seinast, það sé stundum orðið eirðarlaust. Marja veltir því fyrir sér hvort það sé auðveldara að finna verkefni fyrir þetta eina barn innanhúss.

4.1.1.1 Gildi útiverunnar

Gildi útiveru fyrir leikskólastarfið í heild sinni kemur skýrt fram í svörum leikskólakennaranna. Eftirfarandi ástæður eru taldar helstar: Úti fá börn útrás fyrir hreyfipörf sína og losa um orku. Þegar ein deild er úti, geta hinar deildirnar nýtt þeirra rými inni. Einn leikskólakennarinn minnst á að sumstaðar sé sá tími þegar börn eru úti nýttur sem kaffítími starfsmanna. Annar kom inn á að úti gefast möguleikar til að kenna stærðfræði með notkun steina. Allir voru þeir sammála um að ef börn fara ekki í útiveru þá verði þau örari og eiga erfiðara með einbeitingu.

4.1.2 Skoðun leikskólakennara á útileiksvæði barna, efniviðnum og viðfangsefnum þeirra

Leikskólakennararnir hafa skiptar skoðanir á útileiksvæði barna. Marja taldi útileiksvæðið vera stað barnanna, hún segir: „...I think in Finnish kindergarten many times the yard is children's place, it's a place where they can do what they want...“ Allir þeir sem starfa sem leikskólakennarar eru mjög ánægðir með útileiksvæði sinna leikskóla, óháð því hvort þeir hafi haft eitthvað að segja með skipulag þeirra. Erja kom inn á að þegar leikskólinn sem hún starfar í var byggður fékk hún að hafa áhrif á hvernig útileiksvæðið var skipulagt. Hún segist hafa lagt mikla áherslu á að hafa svæði þar sem væru stórir steinar og fyrir vikið hafi útileiksvæðið stækkað. Allir leikskólakennararnir telja stærð útileiksvæðisins skipta miklu máli og einnig að það sé ekki eingöngu flatneskja heldur með hólum, hæðum, trjám og gróðri. Anna hefur ákveðna skoðun á þessu:

...mér finnst þetta leiksvæði sem við höfum við þennan leikskóla mjög skemmtilegt [því] það er mjög fjölbreytt. Þar eru hólur og hæðir og fyrir vikið krefst [það] þess að við [leikskólakennararnir] séum svolítið margir úti. Þannig, það eru falin horn og þess háttar, sem maður þarf að vera alltaf að fara upp á hólanna til þess að sjá vel yfir. Hreyfa sig mikið og ganga um, en fyrir vikið er lóðin mjög skemmtileg, miklu skemmtilegri heldur en þar sem að er alveg bara flatneskja...

Fram kemur að yfirleitt eru hefðbundnu leiktækin eins og rólur, rennibrautir, sandkassar og kastalar á leiksvæðum leikskólanna. Leikskólakennararnir hafa mismikið álit á þessum leiktækjum og talar Elva til dæmis um að hún viti ekki alveg hvaða tilgangi rólurnar gegna nema bara sem skemmtun. Anna kemur inn á að í rólunum æfa börn hugrekki og læri tæknina að róla. Hún telur sandkassann ómetanlegan því það fer fram mikil þjálfun í samskiptum, sköpunargleði barnanna fær að njóta sín og hann er kjörinn staður fyrir hlutverkaleiki. Elva bendir á að það sé mikilvægt að hafa í huga umferð og veður þegar sé verið að búa til ný útileiksvæði við leikskóla. Anna statar sig af því að útileiksvæði hennar leikskóla sé mjög heppilegt hvað norðanátt varðar og virðist því staðsetning leiksvæða skipta máli.

4.1.2.1 Efniviður á leiksvæðum leikskóla

Hvað efniviður í útiveru varðar leggur Erja mikla áherslu á að börn noti ímyndunaraflið í leik sínum úti við og að áherslan sé ekki endilega á magn efniviðar heldur frekar á ímyndunarafl þeirra. Elva segir að hjá sér sé yfirleitt settur út kassi með fötum, skóflum, bílum, sigtum og fleiru, auk þess sem á sumrin fari út hjól og kassabílar og á veturna snjóþotur og þoturassar. Hún talar líka um efniviður sem hún taldi vera á gráu svæði vegna slyshættu:

... járngröfur sem eru í sandkassanum finnst mér líka dót sem er á gráu svæði af því að það er yfirleitt alltaf einhver sem fær, þú veist skófluna í hausinn. Þetta er náttúrulega alveg svona massíft járn...

Í leikskólanum þar sem Anna vinnur eru hjól vinsæl í útiveru barnanna. Anna segir að það þurfi að fylgjast vel með þegar hjólin eru í boði, því sum börnin eiga það til að einoka þau, þannig að það fá ekki allir að hjóla. Hún telur sig sjá mun á því þegar hjólin eru ekki í boði, því þá er ekki eins mikill þeytingur á börnunum. Anna kemur einnig inn á það að sumir leikskólakennararnir séu hræddir við hjólin, því á útileiksvæðinu er brekka sem börn renna sér niður. Anna er þó á þeirri skoðun að það sé ekki hægt „...að vefja börnunum inn í bómull“, heldur verða þau að fá að læra á aðstæðurnar. Elva bendir á hjálpsemina sem fylgir oft hjólunum, til dæmis þegar barn kann ekki alveg að hjóla þá eru jafnvel tvö önnur sem hlaupa með þeim og ýta.

4.1.2.2 Viðfangsefni í útiverunni eru fjölbreytt

Viðfangsefni barnanna eru margvísleg og leggja allir leikskólakennararnir áherslu á að þetta sé þeirra tími til að leika sér frjálst. Marja segir börnin fást við ýmsa hluti eins og að spila íshökkí eða fótbolta, klifra, leika sér frjálst eða í hefðbundnum leikjum. Hún telur félagsþroskann eflast í slíkum leikjum. Erja minnst á að viðfangsefni barnanna breytist eftir árstíðum. Á vorin eru þau að búa til regnboga, á sumrin fara þau að synda í vatninu, á haustin rannsaka þau náttúruna og á veturna leika þau sér í snjónum, búa til snjókarla og kastala og renna sér á skíðum eða skautum:

Then in wintertime we can ski and in Lavapav we have area where we can skate and in the summertime we can swim and in wintertime we make trips in[to] the little „sari“[island], behind that area there we can ski, and children goes there them self but if they

want to go ski they can. I can open the door and they can go [out]
and then they come back and I open the door and they come again.

Erja talar einnig um að börnin leiki sér í ýmsum hlutverkaleikjum og það fari eftir eðli leiksins hvort leikskólakennararnir hafi hlutverk í leiknum eða ekki. Hún minnst á að einu sinni hefði hún fengið að vera amman í einum hlutverkaleiknum.

4.1.3 Hvert er hlutverk leikskólakennara í útiveru barna?

Leikskólakennararnir fjórir eru almennt á sama máli um að hlutverk leikskólakennara í útiveru barna sé að fylgjast með börnunum og vera þeim innan handar. Þeir ákveða einnig hvaða efniviður er í boði og sjá um að koma honum út. Marja kemur inn á það að í útiveru hittast oft börn af mismunandi deildum, það getur gefið leikskólakennurum nýja sýn á börnin og þroska þeirra. Hún upplifir einnig útiveruna stundum sem nokkurs konar hvíldartíma fyrir leikskólakennarana af því að þeir eru ekki allir úti í einu. Erja telur hlutverk sitt vera að fylgjast með og grípa inn í aðstæður ef þess er þörf:

...all the time we look at what they do and if they have conflicts we help them. We discuss with them what happened and so on. And always we are looking at what they are playing and with whom they are playing, all the time. If they learn something new we always say „well, good luck“. We are always telling the parents what they [the children] have learned and everyday I notice something new.

Jafnframt segir Erja mikilvægt að leikskólakennarar ræði um það sem þeir verða varir við í útiverunni og skrái það í einstaklingsnámskrá barnsins. Anna er á svipuðu máli og Erja, hún telur mikilvægt að fylgjast vel með hverju barni og kemur inn á gildi uppeldifræðilegra skráninga sem tæki til þess:

...við séum að fylgjast með hvernig ganga samskiptin, hvernig er virknin. Og fylgjumst með ef að börn eru óvirk í útiverunni og athuga þá hvað og hvers vegna. Er þeim kalt? Eða leiðist þeim? Eru [þau] einmanna? Eða hvað það er?... Mér finnst eins og að gera skráningar, mjög þægilegt úti, að taka af þeim myndir, hvort sem maður vill vera með diktafón. Mér finnst það þægilegt allavega, að vera með diktafón og tala inn á og segja „mynd 1 þá er barnið að gera þetta klukkan þetta“. Tekur svo aðra [mynd] og segir þá aftur, þá er tiltölulega fljótlegt að vinna úr þeim.

Anna segir einnig að með því að gera uppeldisfræðilegar skráningar í útiverunni, er hún meðvitaðri en áður um hvað börnin hafa fyrir stafni. Sem dæmi um þetta nefnir hún eftirfarandi:

... stundum [er] eitthvað barn sem að maður heldur að sé mjög lítið að gera í útivist að manni finnst. Það [er] ekki virkt en svo fer maður að elta það í hálf tíma eða eitthvað úti og fylgjast með því. Þá er [barnið] bara að gera miklu miklu meira heldur en að maður hefur verið að upplifa áður, þegar maður hefur bara svona ómarkvisst verið að kíkja á það...

Elva telur útiveruna einnig mjög góðan vettvang fyrir uppeldisfræðilegar skráningar en segir þó að hún verði ekki mjög vör við að leikskólakennarar séu almennt duglegir að nota þær. Hún segir að erfitt geti verið að greina hvort leikskólakennarar séu almennt virkir í útiveru barna. Elva telur sig sjá mun á virkni fullorðinna í útiverunni, þar sem karlmenn eru að vinna í leikskóla. Hún telur þá mun duglegri að leika við börnin heldur en konur. Elva telur þó að leikur leikskólakennara með börnum sé á mjög gráu svæði því erfitt sé að detta í leik með fimm börnum þegar þú átt að vera að fylgjast með fimmtán öðrum. Hennar mat er því að leikskólakennari eigi að fylgjast með barnahópnum, aðstoða börnin og grípa inn í til dæmis ef eitthvert barnið verður eirðarlaust. Auðvitað fer þetta eftir aðstæðum hverju sinni því ef það væri nóg af leikskólakennurum úti þá væri sjálfsagt að fara með þau börn sem vilja í leiki.

4.1.4 Gildi náttúru fyrir útiveru barna

Gildi náttúru fyrir útiveru barna kemur skýrt fram hjá flestum leikskólakennurum. Marja telur náttúrulegan efnivið líkt og sand, steina og tré vera mikilvægan á leiksvæðum leikskóla, slíkur efniviður býður upp á margvíslega möguleika í leikjum barna:

...it's also important that they [have access to] natural things, like stones and sand and trees, so children can use both in their games. Because those materials which are like toys many times. Like I said adults think that you can use it only in one way so but they are very important part of plays...

Rannsókn á náttúrunni og þeim smádýrum sem þar lifir er ríkur partur af leik barnanna að mati Erju. Hún segir að bæði leikskólakennarar og börnin nýti tækifærið og fræðist um tilurð til dæmis fiðrilda með því að skoða ýmsar fræðslubækur um skordýr. Svipaða sögu

hefur Anna að segja, en hún telur jákvætt að börnin kynnist náttúrunni frá fyrstu hendi, til dæmis með því að skriða í grasinu og rekast á járnsmiði, en jatar jafnframt að hún mætti vera duglegri við það sjálf að ýta undir slíkan leik meðal barnanna.

Elvu finnst mikilvægt að útileiksvæði leikskóla séu ekki eingöngu manngerð, að þar séu einnig tré og jafnvel klettur til að leika sér í. Hún sagir stolt frá því að útileiksvæði hennar leikskóla geti státað af drullubúi, sem vekur vísit ekki jafn mikla hrifningu meðal foreldra, þegar þau fá börnin sín heim eins og „moldvörpur“. Móar eru að sögn Önnu góð leið til að æfa grófhreyfingar barnanna:

Eins og fara hérna upp í móa, æfa þau í þessu óslétta undirlagi og skoða í kringum okkur líka. ... Við höfum móana hérna fyrir ofan og við höfum það sem þau kalla skóginn hérna rétt við húsið. ... Við höfum oft á sumrin farið upp í móa, það er mjög skemmtilegt að fara með þau þangað, þau veltast þarna um á milli þúfnanna. Það er auðvitað mjög gott fyrir þau að kynnast því að þurfa að ná jafnvægi og allt það. Að það sé ekki bara verið að ganga á sléttum fleti.

Erja segist nýta náttúru og umhverfi leikskólans, þar sem hún starfar, mikið. Hún segir frá skógarferðum, ferðum á eyjar, ferðum til að synda í vatninu, ferðum á skíði og skauta. Einnig segist hún til dæmis nota steina og fiðrildi sem innblástur í sögur og bætir við að börnunum líki það mjög vel. Hún segir börnin njóta þess að leika sér að steinum og tekur dæmi af því:

The children like very much play with the stones and they like very much make their home playing there. They take pieces of the stones and another stone and they are playing, like there is lake and in the lake are stones. They are jumping from stone to stone and it's very much inspiration [that] they get from the stones and trees and little animals. They are very eager to learn and do what is there and sometimes we go and we are discussing, we are stimulate their inspiration.

4.2 Er munur á viðhorfi íslenskra og finnskra leikskólakennara?

Allir þátttakendur telja útiveruna mikilvægan þátt leikskólastarfsins og að hún hafi góð og jákvæð áhrif á börn. Marja lýsir því hvernig hún myndi vilja hafa útileiksvæði leikskóla ef hún fengi að ráða:

I would like to [have a] large one ... with some hills, trees and those ... there [would be] like almost a forest ... I just think that it

would be very important [and] that children love to play in the forest but in nature ...

Anna og Elva leggja ekki jafn mikla áherslu á náttúrulega umhverfið eins og Erja og Marja gera, þó þeim finnist það einnig mikilvægt. Elva talar um að nauðsynlegt sé að hafa „þínu skóg og kletta“ en þó virðist vera að leiktæki og sandkassar séu aðeins hærra sett hjá þeim. Anna og Elva koma báðar inn á mikilvægi þess að útileiksvæði leikskóla séu vel staðsett með tilliti til veðurs og umferðar.

Allir leikskólakennararnir tala um að þeir noti útiveruna til að fylgjast með börnunum og þroska þeirra. Bæði Anna og Elva koma inn á að í útiverunni sé kjörið tækifæri til að gera uppeldisfræðilegar skráningar og segist Anna bæði nota myndavél og upptökutæki til þess. Erja segist fylgjast vel með börnunum, ræðir við aðra leikskólakennara um hvað börnin eru að aðhafast og skráir það í einstaklingsnámskrá þeirra. Marja segist taka eftir því að leikskólakennarar séu að fylgjast með börnunum en ekki mikið að skrá það niður.

4.3 Er munur á viðhorfi nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra sem hafa langa starfsreynslu?

Anna og Erja tala báðar um hvað útivera sé mikilvæg fyrir leikskólakennaranna jafnt sem börnin. Anna segir jafnframt: „...útiveran hefur bara mjög mikið gildi fyrir fullorðna líka eins og við vitum. Það er ofsalega gott að komast út og mér finnst að við þurfum nefnilega að leggja það alltaf þannig upp, það er svo gott að fara út.“ Erja er á sama máli og segist hafa mikla þörf fyrir að vera úti. Hún vísar í það að hún sé búin að vera úti með börnum á hverjum virkum degi í rúmlega þrjátíu ár og ef hún fari ekki út um helgar, þegar hún á frí, verði hún veik. Slík áhersla á mikilvægi útiveru fyrir leikskólakennara kemur ekki fram í viðtölunum við Elvu og Mörju.

4.4 Hvað segja leikskólakennarar um tengingu hreyfiproska og útiveru

Allir leikskólakennararnir eru á sama máli um að útiveran hafi jákvæð áhrif á hreyfiproska barna. Þeir koma inn á hvernig börn hreyfa sig öðruvísi úti en þau gera inni

og að úti eru þau oft frjálssari. Marja talar um að þau séu að örva hreyfifroskann án þess að taka eftir því í útiverunni:

...the most important [part] is for the physical development because ... they [the children] are just playing ... children can own think what they are doing but it's like accident [that] they are training their motor skills [motor skills]. They are playing with their imagination ...

Erja vitnar til ýmissa rannsókna á hreyfifroska barna og segir:

Many studies say that it [will] improve their [children's] skills if they are moving. [If] they are out[side] and move everyday, they learn reading and mathematics. And I think that children that has difficulties [with] learning [then] the physical exercise is the medicine for it.

Jafnvægisskyn virðist vera mikið þjálfað í útiveru barna. Elva kemur inn á hvernig það að klifra og að róla sér hafi góð áhrif á jafnvægið og Anna segir að gönguferð í móum sé mjög jákvæð fyrir jafnvægið. Marja kemur inn á mikilvægi þess að hafa hæðir og hóla á leiksvæðum leikskóla til að þjálfa jafnvægi og gang barna. Allir leikskólakennararnir eru á sama máli um að sniðugt sé að nota umhverfi leikskólans til markvissrar hreyfiörvunar. Anna bendir á að með því að vera í hreyfistund úti þá kynnast börnin einnig náttúrunni. Marja bendir á muninn á því að hafa hreyfistund innan dyra og utan:

it's important and I think it's maybe sometimes easier [for] teacher to use those things [the natural environment], because for example ... [if there is a] lot of snow, walking is quite hard [for children] and you just have to get some kind of idea that you can for example teach children. Now we are going there [to some place] and just use [the] imagination. ...if we are in [a] forest ... the walking there [to the forest] is exercise for children so I think it's maybe all the diversity.

Bæði Anna og Elva segja frá því þegar þær fóru með barnahóp í gönguferð upp í móa og börnin hreinlega veltust á milli þúfnanna. Elva talar um að það væri gaman að fara með sama hóp aftur nokkrum mánuðum seinna til að sjá hvort einhver munur væri orðinn á hreyfifroska barnanna. Útiveran hefur, að mati allra leikskólakennaranna, jákvæð áhrif á hreyfifroska barnanna og virðast þeir annaðhvort nota umhverfið til hreyfiörvunar eða tala um að það mætti nota umhverfið meira til markvissrar hreyfiörvunar.

4.5 *Samantekt*

Enginn afgerandi munur kom í ljós að þessu sinni á viðhorfi íslenskra og finnskra leikskólakennara til útiveru. Í viðtölunum er þó hægt að skynja ákveðinn mun á viðhorfum þessara leikskólakennarar sem má tengja við menningu hvers lands. Dæmi um þetta er þegar Erja lýsir því hvernig leikskólinn sem hún starfar í, notar hóla til að fara á skíði, vatn til að synda í og fara á skauta á veturna og Marja leggur mikla áherslu á náttúruna inn á leiksvæðum leikskóla. Af þessum dæmum Erju og Mörju virðist sem svo að finnskir leikskólakennarar noti umhverfið mun meira en þeir íslensku, til dæmis virðast íslenskir leikskólakennarar ekki fara með börn á skauta eða skíði. Annar munur sem hægt er að greina hjá leikskólakennurunum er hvernig þeir segjast skrá athafnir barna í útiveru. Íslensku leikskólakennararnir töluðu um uppeldisfræðilega skráningu en þeir finnsku gerðu það ekki. Munurinn gæti falist í því að uppeldisfræðileg skráning er kennd í leikskólakennaranámi við Háskólann á Akureyri en ef til vill ekki við háskóla í Finnlandi. Þriðja atriðið sem hægt er að flokka sem mun á viðhorfum íslenskra og finnskra leikskólakennarar og bæði Anna og Elva komu inn á var að þær vildu að börnin hefðu aðeins meira val um hvort þau færu út en slíkt kom ekki fram hjá Erju og Mörju.

Nánast engan mun er hægt að greina á viðhorfum nýútskrifaðra leikskólakennaranna og þeirra sem hafa langa starfsreynslu. Anna og Erja, hafa langa starfsreynslu, þær tala báðar um hvað útiveran sé mikilvæg fyrir bæði leikskólakennara og börn. Þær vísa báðar í persónulega reynslu máli sínu til stuðnings og segjast ekki geta hugsað sér það að komast ekki út á hverjum degi. Þetta kemur ekki fram hjá Elvu og Mörju en ef til vill eiga þær eftir að komast að gildi útiverunnar fyrir leikskólakennarann. Fyrir utan þetta eina atriði er ekki hægt að sjá að þeir sem eru með styttri starfsreynslu komi inn á einhverja sameiginlega þætti varðandi útiveru barna frekar en þeir sem eru með lengri starfsreynslu.

5 Umræður

Rannsóknarspurningin: *Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?* var sett fram í inngangi verkefnisins. Allir leikskólakennararnir sem tóku þátt í rannsókninni voru sammála um að í útiveru gætu börnin leikið sér frjálst og óhindrað við það sem veki hjá þeim áhuga. Þar geti börn hrópað og kallað, hlaupið um eins og þeim lystir og einfaldlega hreyft sig að eigin vild. Svipuð mynd af útiveru barna kom fram hjá fræðimönnum McMillan, Rivkin og Frost en þau lögðu öll ríka áherslu á frelsi barna í útiveru.¹¹¹ Ég velti þó fyrir mér hvort þetta frelsi, sem bæði fræðimenn og þátttakendur í rannsókninni lögðu ríka áherslu á, sé eins mikið og af er látið. Af þeirri starfsreynslu sem ég hef innan leikskóla hef ég rekið mig á þá staðreynd að í útiverunni eru oft margar reglur. Hvort þetta séu reglur sem hver og einn leikskólakennari setur eða starfshópurinn í sameiningu er erfitt að segja til um. Mitt mat er að svo hægt sé að tala um að börn hafi raunverulega nægjanlegt frelsi í útiveru þarf að vera skýrt kveðið á um hvað sé leyfilegt og hvað ekki. Þetta þarf að ræða við börnin og í samráði við þau komast að niðurstöðu um þær reglur sem gilda í útiveru. Í slíkri vinnu má hafa orð Nussbaum í huga um að börn eigi að fá að vera þátttakendur í félagslegum samskiptum.¹¹²

Leikskólakennararnir sögðust allir sjá mun á börnunum ef þau færu ekki í útiveru. Þau væru öri, ættu erfðara með hvíld og borðuðu verr. Svör leikskólakennaranna í rannsókninni á samleið með áðurnefndri rannsókn Holmes og fleiri á áhrifum útiveru á einbeitingargetu barna.¹¹³ Það virðist sem útivera barna hafi jákvæð áhrif á einbeitingagetu þeirra. Anna sagði frá því hvernig leikskólinn, þar sem hún starfar, breytti dagskipulagi sínu þannig að börn færu í útiveru áður en þau taka þátt í skipulögðu hópastarfi, vali eða hreyfistundum. Eftir breytinguna gerir Anna frekar þá kröfu á börnin að þau einbeiti sér að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir í skipulagða starfinu, þar sem þau hafa fengið tækifæri á að fá útrás í útiverunni. Anna hefur þó ekki kannað það markvisst hvort einbeitingargeta barnanna sé meiri eftir að dagskipulaginu var breytt, hún taldi þetta þó jákvæða breytingu. Ef marka má niðurstöður rannsóknar Holmes og fleiri

¹¹¹ Valborg Sigurðardóttir. 1999:97–98; Rivkin. 1995:11; Frost ofl. 2005:308

¹¹² Kristín Dýrfjörð. 2006

¹¹³ Holmes ofl. 2006:738, 741

og svör leikskólakennaranna þá má ætla að það skipti máli hvenær dagsins börn fara í útiveru. Í því samhengi velti ég fyrir mér hvort leikskólakennarar hugsi út í það þegar þeir búa til dagskipulag.

Leikskólakennararnir töldu allir að hönnun útileiksvæða leikskóla skipti máli fyrir alhliða þroska barnanna, þeir töldu meðal annars að það skipti máli að útileiksvæðið væri mishæðótt. Þetta stemmir við það sem Kristín Norðdahl, Barbour, Cardon, Rivkin og Frost tala um í fræðum sínum eða hafa sýnt fram á í rannsóknum á áhrifum hönnunar útileiksvæða á alhliða þroska barna.¹¹⁴ Leiksvæði allra leikskólanna sem komu við sögu í þessari rannsókn hafa yfir að ráða hefðbundnum leiktækjum á borð við rólur, kastala, rennibrautir og sandkassa. Rannsókn Cullen og rannsókn Greenfield leiddu í ljós að upphaldsleiktæki barna eru rólur, sandkassi og rennibrautir.¹¹⁵ Það má velta fyrir sér ástæðunni fyrir því að þessi leiktæki veki mestu lukku meðal barna. Hvað er það við þessi tæki sem höfðar svona vel til barna? Niðurstöður könnunar Stephenson benda til þess að rólur, rennibrautir og klifur uppfyllir áhættuþarfir barna.¹¹⁶ Sutcliffe¹¹⁷ taldi að þær líkamlegu athafnir sem börn fást við í útiveru, geti á jákvæðan hátt, uppfyllt þarfir barna fyrir ögrun og spennu. Af þessu má draga þá ályktun að börn sæki í einhverja áhættutöku sem vekur hjá þeim spennu. Stephenson bendir á að jákvætt viðhorf leikskólakennara til þessara áhættutöku sé mikilvægt.¹¹⁸ Anna talaði um að sumir leikskólakennarar séu hræddir þegar börnin renna sér á hjólum niður brekku, sem er á leiksvæði leikskólans þar sem hún starfar. Hún var þó á þeirri skoðun að ekki væri hægt „... vefja börnunum inn í bómull“ heldur ætti að gefa þeim tækifæri til að læra á aðstæðurnar. Samkvæmt Stephenson þá eru börn að taka áhættu þegar þau láta sig renna á hjóli niður brekku, það er nauðsynlegt að leyfa börnum að taka áhættu innan skynsamlegra marka.

Hjá Önnu og Elvu kom það fram að hjól eru í sérstöku upphaldi meðal barnanna, þau ættu það til að einoka hjólin og því verði að fylgjast með að allir, sem vilja, fái tækifæri til að hjóla. Svipaður áhugi barna á hjólum kom fram í rannsóknum Cullen og

¹¹⁴ Kristín Norðdahl. 2005a; Barbour. 1999:94; Rivkin. 2000; Frost ofl. 2005:308–309; Cardon ofl. 2008

¹¹⁵ Cullen. 1993:52–53; Greenfield. 2004

¹¹⁶ Stephenson. 2003:40

¹¹⁷ Í Doherty. 2003:12

¹¹⁸ Stephenson. 2003:37–38

Greenfield.¹¹⁹ Erja kom inn á það að þau byðu ekki upp á hjól í útiveru en hún benti á að börnin gætu hjólað í leikskólann. Hún taldi að ef þau myndu bjóða upp á hjól þá myndi leiksvæði þeirra breytast, þá þyrfti að gera sérstaka hjólastíga. Erja lagði einnig ríka áherslu á að börn ættu að notast við ímyndunaraflið í leik sínum. Með því að skoða sjónarhorn Önnu og Elvu annars vegar og Erju hins vegar vakna upp spurningarnar, hver er tilgangur hjóla í útiveru? Hversu mikið ýta hjól undir sköpunarhæfni barna? Hversu innihaldsríkur er leikur barna á hjólum? Í rannsókn Grahn og fleiri um leikskólana tvo í Svíþjóð kom fram að leikur barna í leikskólanum sem var úti í öllum veðrum var innihaldsríkari en barna sem voru í borgarleikskólanum. Höfðu rannsakendur orð á því að börnin í borgarleikskólanum hjóluðu bara í hringi.¹²⁰ Getur verið að leikur barna þar sem hjól eru í boði sé ekki eins innihaldsríkur eða fær hann ekki nægjanlegt hrós fyrir? Gaman væri að gera rannsókn á þessu og sjá hvort leikur barna breytist mikið í útiveru þegar hjól eru í boði og þegar þau eru ekki í boði. Hafa skal í huga að hjól geta uppfyllt áhættuþarfir barna eins og áður hefur komið fram.

Bæði samkvæmt þeim fræðum¹²¹ sem lögð hafa verið til grundvallar þessu verkefni og leikskólakennurunum í rannsókninni er útivera sá þáttur leikskólastarfsins sem gefur mesta svigrúmið fyrir frelsi. Allir leikskólakennararnir voru á sama máli að þeirra hlutverk væri að fylgjast með börnum í leik, Anna skýrði sitt hlutverk í útiverunni sem eftirlitshlutverk, að börnin ættu að fá að leika í friði. Davies¹²², Perry¹²³, Whitehurst¹²⁴, Bilton¹²⁵ og Cullen¹²⁶ leggja allar áherslu á að leikskólakennarar fylgist með leik barna í útiveru og grípi inn í aðstæður þegar þess þykir þörf.

Marja vildi sjá fleiri leikskólakennara í útiveru barna til þess að hægt væri að veita öllum börnunum athygli. Í rannsókn Cardon og fleiri kom fram að fjöldi leikskólakennara í útiveru barna hefur neikvæð áhrif á virkni stelpna og veltu rannsakendur því fyrir sér hvort ástæðan væri sú að þegar leikskólakennararnir voru að

¹¹⁹ Cullen. 1993:52–53; Greenfield. 2004

¹²⁰ Grahn ofl. 1997:97

¹²¹ Valborg Sigurðardóttir. 1999:97–98; Rivkin. 1995:11; Frost ofl. 2005:308; Davies. 1997:13–16

¹²² Davies. 1997:13–14

¹²³ Perry. 2001:17–19

¹²⁴ Í Bilton. 2002:82

¹²⁵ Bilton. 2002:56

¹²⁶ Cullen. 1993:55

fylgjast með börnum í leik þá annað hvort sátu þeir eða stóðu kyrrir.¹²⁷ Anna og Elva töldu báðar að útivera væri góður vettvangur fyrir notkun uppeldisfræðilegra skráninga en þeim greindi þó um hvort leikskólakennarar væri almennt duglegir að nýta sér þessa tækni. Erja taldi leikskólakennara mjög virka í að fylgjast með hvað börn væru að aðhafast í útiveru og að þeir tækju vel eftir þegar barn nær tökum á nýrri getu. Bilton¹²⁸ var á svipuðu máli, hvað skráningar varðar og gerir kröfu á að leikskólakennarar geri skráningar á athöfnum barnanna.

Af þessu má sjá að aðalhlutverk leikskólakennara í útveru barna er að fylgjast með þeim í leik og starfi. Þetta virðist vera frjáls tími barnanna en að mínu mati má þó ekki gleyma að leikskólakennarar gegna þarna mikilvægu hlutverki. Ef marka má rannsókn Cardon og fleiri þá getur atferli leikskólakennara haft neikvæð áhrif á virkni stelpna og má velta því fyrir sér hvort fjöldi leikskólakennara í útiveru hafi einnig neikvæð áhrif. En hvað geta leikskólakennarar gert til að draga úr neikvæðri virkni meðal stelpna? Ég myndi halda að þó að aðalhlutverk leikskólakennara í útiveru barna sé að fylgjast með þá þurfi það eftirlit alls ekki að fara fram á sama blettinum allan tímann. Að mínu mati geta leikskólakennarar verið virkir í útiveru án þess þó að skerða frelsi barnanna. Þetta má gera til dæmis með því að vera duglegur að ganga um svæði og það veitir einnig betri yfirsýn yfir allan barnahópinn. Önnur leið til þessa getur verið sú að vera virkur við að taka uppeldisfræðilegar skráningar.

Leikskólakennararnir töldu allir að það væri mikilvægt fyrir börn að kynnst náttúrunni frá fyrstu hendi. Þeir töluðu um hvernig þeir nýttu náttúrulegan efnivið á margvíslegan hátt. Því er náttúrulegur efniviður mikilvægur til að ýta undir sköpunargleði barna, líkt og kom fram í áður nefndum rannsóknnum. Marja kom sérstaklega inn á að náttúrulegur efniviður ýtir enn frekar undir sköpunarhæfni barna. Sem dæmi um þetta nefndi hún að börn geta leikið með trjágrein á margvíslegan hátt, en Kristín Norðdahl talar um að þetta sé einn af kostum náttúrulegs efniviðar.¹²⁹ Leikskólakennararnir voru á sama máli um að nauðsynlegt væri að grípa tækifærið til að afla fróðleiks til dæmis þegar börn koma með fiðrildi eða könguló til leikskólakennara uppfull af áhuga á þessum litlu

¹²⁷ Cardon ofl. 2008

¹²⁸ Bilton. 2002:56

¹²⁹ Kristín Norðdahl. 2005a

verum. Náttúran og rík tengsl við hana er í hávegum höfð í kenningum fræðimannanna Fröbel og McMillan.¹³⁰ Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif náttúrulegs umhverfis á alhliða þroska barna og benda til þess að leikur í náttúrulegu umhverfi eflir hreyfiþroska barna, einbeitingargetu þeirra, sköpunargleði og ímyndunarafl.¹³¹ Mér finnst mjög mikilvægt að vel sé tekið í það þegar börn koma með smádyr til leikskólakennara og eru að sýna þeim. Út frá slíkum áhuga er hægt að búa til þemaverkefni með börnunum og um leið kynnast náttúru og umhverfi. Að mínu mati verða leikskólakennarar að vera vel vakandi fyrir því hvað vekur áhuga barnanna því fátt er skemmtilegra en að vinna með hann.

Anna og Elva voru á sama máli um hvernig hægt væri að nýta náttúrulegt umhverfi, líkt og móa, til þess að örva grófhreyfiþroska barna. Einnig voru allir leikskólakennararnir sammála um það að hægt væri að nota umhverfi leikskólans til markvissrar hreyfiörvunar. Í þróunarverkefninu *Út um mó inn í skóg* kom fram að foreldrar og kennarar voru sammála um að skógarferðir væru góðar fyrir hreyfiþroska barna þar sem þær bjóða upp á öðruvísi hreyfingu en leiksvæði leikskóla gera.¹³²

Leikskólakennararnir töluðu allir um að útivera hefði góð áhrif á hreyfiþroska barna og að þar hreyfðu þau sig öðruvísi og frjálssar en innanhúss. Eins og komið hefur fram verða þó nokkrar breytingar á hreyfiþroska barna á þeim árum sem þau dvelja í leikskóla. Sutcliffe¹³³ taldi útiveruna bjóða upp á einstakt tækifæri til að örva líkamsvitund og líkamsfærni barna. Samkvæmt Fjortoft hefur náttúrulegt umhverfi mikil áhrif á hreyfiþroska barna¹³⁴ og Sandborgh¹³⁵ taldi útiveru kjöraðstæður til að efla grófhreyfingar. Niðurstöður rannsóknar Hermundar Sigmundssonar og Rostoft benda til þess að færri fjögurra ára gömul gömul börn flokkast undir skilgreininguna „klaufaleg“ en börn frá sjö til tíu ára aldri. Ein af ástæðum þess töldu þau vera að börn sem eru á mörkum þess að vera „klaufaleg“ taka síður þátt í hreyfiathöfnum og þar af leiðandi eflir síður hreyfiþroska sinn.¹³⁶ Af þessu skyldi ætla að það sé mjög mikilvægt fyrir börn á

¹³⁰ Frost ofl. 2005:368; Fröbel. 1980:118–119; Valborg Sigurðardóttir. 1999:97; Bilton. 2002:26

¹³¹ Kristín Norðdahl. 2005a; Grahn ofl. 1997:96–97; Fjortoft. 2004:37–38

¹³² Kristín Norðdahl. 2005a

¹³³ Í Doherty. 2003:12

¹³⁴ Fjortoft. 2004:38–39

¹³⁵ Í Grahn ofl. 1997:12

¹³⁶ Hermundur Sigmundsson og Rostoft. 2003:456–457

leikskólaaldri að fá nægjanlega hreyfiðrvun til að fyrirbyggja það að þau falli í þann flokk að vera „klaufaleg“. Ég tel að leikskólann vera þarna í lykilstöðu til að vinna forvarnarstarf.

Svo virðist sem útivera barna hafi jákvæð áhrif á hreyfiþroska þeirra. Marja benti á að auðvelt sé að efla hreyfiþroska barna úti vegna þess að þau tækju ekki eins mikið eftir því að það væri verið að þjálfra eitthvað ákveðið atriði heldur væri það meiri leikur í þeirra augum. Ég held að til þess að ná sem allra mest út úr útiveru barna þá þurfi leikskólakennarar að vera meðvitaðir um hvað börnin eru að aðhafast og grípa hvert tækifæri sem gefst til að ýta enn frekar undir virkni barna í leik. Ég er alveg sammála bæði leikskólakennurunum og þeim fræðum sem hér hefur verið fjallað um að leikur barna í útiveru eigi að vera frjáls leikur. Mér finnst þó einnig mikilvægt að leikskólakennarar hugsi örlítið út fyrir rammann og nýti nánasta umhverfi leikskólans til marvissrar hreyfiðrvunar. Þeir leikskólar sem ég þekki til eru flestir með skipulagðar hreyfistundir inni í leikskólanum einu sinni í viku. Það sem ég vildi sjá væri að leikskólar myndu kannski einu sinni í mánuði fara út, þegar þessar skipulögðu hreyfistundir eru á dagskipulagi, í gönguferðir, á önnur leiksvæði, upp í móa eða í nálægan skóg eða kletta og notuðu þau svæði til að örva hreyfiþroska barna.

Nánast enginn munur var, að þessu sinni, á viðhorfum finnskra og íslenskra leikskólakennara til útiveru barna. Sá munur sem ég gat fundið lá í menningartengdum atriðum, til dæmis að finnsku leikskólakennararnir virtust vera mun duglegri að nota umhverfið, svo sem vötn til að fara að synda eða skauta. Slíkt kom ekki fram í viðtölunum við íslensku leikskólakennarana og má velta því fyrir sér hvort þetta tengist menningu og landslagi hvors lands. Finnland er oft nefnt þúsund vatna landið sem gefur til kynna að finnskir leikskólakennarar hafi greiðan aðgang að vötnum til að nýta í starfið sitt. Erja tók það þó fram að þau fara aldrei með börn að synda í vötnum eða skauta fyrr en þau hafa kynnst barnahópnum nægjanlega vel. Ef horft er til Akureyrar, þar sem íslensku leikskólakennararnir starfa, má sjá að hér eru engin vötn innanbæjar sem hægt væri að fara á skauta á, og sjórinn sem liggur að bænum er of kaldur til að synda í. Það má hins vegar velta fyrir sér hvort íslenskir leikskólakennarar gætu nýtt sér stuttar vegalengdirnar, sérstaklega á Akureyri, þar sem ekki langt að fara á skauta í skautahöll bæjarins eða í sund í sundlaugum bæjarins. Hvað veldur því að íslenskir

leikskólakennarar hugsa ekki út fyrir ramman og innleiði þessa þætti inn í daglegt starf leikskólans í staðinn fyrir að börn á leikskólaaldri stundi þessar íþróttir eftir að löngum leikskóladegi líkur?

Annar munur sem ég sá á viðhorfum finnskra og íslenskra leikskólakennara lá í því hvernig þeir skráðu athafnir barnanna en það, eins og áður hefur komið fram, tengist meðal annars því að leikskólabraut Háskólans á Akureyri kennir svo kallaða uppeldisfræðilega skráningu. Hvort að það sé eitthvað betra skráningarform en það sem Erja notar er erfitt að segja til um. Þau fræði og aðferðir sem hver leikskólakennari lærir í námi sínu fylgir honum um ókomna tíð og hefur áhrif á starfsaðferðir hans. Fyrir utan það að það er undir hverjum leikskólakennara komið hversu mikið hann tileinkar sér þessar aðferðir. Þriðji munurinn á viðhorfum finnskra og íslenskra leikskólakennara var sá að íslensku leikskólakennararnir vildu að börnin hefðu meira val um að fara í útiveru þó vildi Anna ekki að börn gætu komist upp með að fara ekki út í nokkra daga heldur að þau geti valið hvenær þau fara út. Ég er á sama máli og íslensku leikskólakennararnir um að börn eiga að fá að hafa meira val um hvort þau fara í útiveru eða ekki. Ég myndi vilja hafa útiveru þannig að öll börn fara út einu sinni á dag og svo hefðu þau val um að fara aftur út ef þau vildu. Þannig tel ég að hægt væri að koma til móts við öll börn og þeirra þarfir, sumir þurfa mikla útiveru, á meðan önnur njóta sín betur í leik inni. Einnig held ég að það fari eftir dagsformi hvers barns hvort því langi í útiveru eða ekki.

Sá munur sem var á viðhorfum nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra sem hafa langa starfsreynslu fólst í því að þeir sem höfðu langa starfsreynslu komu inn á hvað þeim sjálfum þótti nauðsynlegt að komast út á hverjum degi. Ég held að fullorðnir festist jafn mikið í daglegu mynstri eins og börnin gera. Hér á undan hefur verið minnst á það að munur er á börnum þegar þau komast ekki út og það sama tel ég að eigi einnig við um leikskólakennarana. Þegar þú ert vön/vanur að fara út á hverjum degi þá hlýtur það að vera skrítið fyrir líkama þinn ef þú ferð ekki út. Útivera er að mínu mati stór þáttur af daglegu lífi í leikskóla enda holl og góð fyrir líkama og sál.

6 Lokaorð

Í inngangi verkefnisins var greint frá rannsóknarspurningunni *Hvert er viðhorf leikskólakennara til útiveru barna?* Síðan sú rannsóknarspurning var sett fram hefur mikið vatn runnið til sjávar og ég hef nú mun heildstæðari mynd af útiveru barna. Óhætt er að segja að mín sýn á útiveru hefur breyst til hins betra og tel ég sjálfa mig nú gagnrýnni en áður á þá þætti sem hana varðar. Lestur fræðibóka og rannsókna á sviði útiverunnar jók víðsýni mína. Eftir á að hyggja hefði ég viljað verið búin að uppgötva allar rannsóknirnar og fræðibækurnar áður en ég framkvæmdi rannsóknina mína vegna þess að þá hefði ég geta spurt leikskólakennarana enn ítarlegra um útiveru barna.

Við vinnuna á þessu verkefni kviknuðu hjá mér ótal hugmyndir um hvernig væri hægt að halda áfram að rannsaka þætti tengda útiverunni. Ég myndi vilja rannsaka hvað börn væru að taka sér fyrir hendur í útiveru og kynnast þeirra viðhorfi gagnvart henni, til dæmis hvort það væri eitthvað sem þau vildu breyta? Eins væri ég til í rannsaka hvernig leikskólakennarar væru að störfum í útiveru, hvernig og hvers vegna grípa þeir inn í aðstæður og leita svara við spurninga á borð við hafa börn frelsi í útiveru? Einnig væri gaman að sjá hvort náttúrulegt umhverfi hafi jafn mikil áhrif á alhliða þroska barna og áður nefndar rannsóknir gefa í skyn.

Lokaniðurstaða þessa verkefnis er sú að viðhorf leikskólakennarar til útiveru barna eru jákvæð og að útivera hefur margvísleg áhrif á leikskólastarfið, hvort sem það sé vegna betri einbeitningu barna, nýtingu húsnæðis eða útrás fyrir hreyfipörf. Engin afgerandi munur var á viðhorfum finnskra og íslenskra leikskólakennara né á viðhorfum nýútskrifaðra leikskólakennara og þeirra sem hafa langa starfsreynslu.

7 Heimildarskrá

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir. 2000. Aðaláherslan var á ummönnun, Anna Elísa ræðir við Erlu Böðvarsdóttir. *Athöfn* 32, 1:32–35.

Armstrong, Thomas. 2001. *Fjölgreindir í skólastofunni* (2. útgáfa). Erla Kristjánsdóttir þýddi og staðfærði. Reykjavík, JPV útgáfa.

Álfheiður Steinpórsdóttir, Guðfinna Eydal. 2003. *Barnasálfræði, frá fæðingu til unglingsára*. Reykjavík, Mál og menning.

Barbour, Ann C. 1999. The impact of Playground Design on the Play Behaviors of Children Differing Levels of Physical Competence. *Early Childhood Research Quarterly* 14,1:75–98.

Bergur Felixsson. 2007. *Leikskóli fyrir alla. Úr sögu leikskóla Reykjavíkurborgar 1975 – 2005*. Reykjavík, Leikskólasvið Reykjavíkurborgar.

Bilton, Helen. 2002. *Outdoor Play in the Early Years. Management and Innovation* 2. útgáfa. Oxon, David Fulton publisher.

Bogdan, Robert C. og Sari Knopp Biklen. 2007. *Qualitative Research for Education. An Introduction to Theory and Methods* (5. útgáfa). Boston, Pearson.

Cardon, Greet, Eveline Van Cauwenberghe, Valery Labarque, Leen Haerens og Ilse De Bourdeaudhuij. 2008. The contribution of preeschool playground factors in explaining children's physical activity during recess. *International Journal of Behavioral Nutrition and Physical Activity*. Sótt 17. mars 2008 á slóðina: <http://www.pubmedcentral.nih.gov/articlerender.fcgi?tool=pubmed&pubmedid=18302741>

Cech, Donna J. og Suzanne „Tink“ Martin. 2002. *Functional Movement Development, Across the Life Span* (2. útgáfa). Philadelphia, W.B. Saunders Company.

Cullen, Joy. 1993. Preschool children's use and perceptions of outdoor play areas. *Early Child Development and Care* 89,1:45–56.

Davies, Margaret. 1997. The Teacher's Role in Outdoor Play. Preschool teacher's beliefs and practices. *Journal of Australian Research in Early Childhood Education* 1:10–20. Sótt 10. mars 2008 á gagnagrunn ERIC.

- Doherty, Jonathan og Richard Bailey. 2003. *Supporting Physical Development and Physical Education in the Early Years*. Philadelphia, Open University Press.
- Edda Ólafsdóttir. 2003, 5. desember. Hvers eiga íbúar elstu hverfanna í Reykjavík að gjalda? *Morgunblaðið*. Sótt 8. apríl á slóðina:
http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=767819
- Fjærtóft. 2004. Landscape as Playscape: The Effects of Natural Environments on Children's Play and Motor Development. *Children, Youth and Environments* 14, 2:21–44. Sótt 1. október 2007 á slóðina:
http://www.colorado.edu/journals/cye/14_2/article2.pdf
- Frost, Joe L., Sue C. Wortham og Stuart Reifel. 2005. *Play and child development*. New Jersey, Person/Merill Prentice Hall.
- Fröbel, Friedrich. 1980. *Smábørns pædagogik*. Viggo Tønsberg þýddi. Kaupmannahöfn, Nyt Nordisk Forlag Arnold Busck A/S.
- Gallahue, David L. 1993. Motor Development and Movement Skill Acquisition in Early Childhood Education. *Handbook of Research on the Education of Young Children* (ritstj. Bernard Spodek). New York, MacMillan Publishing Company.
- Gallahue, David L. og John C. Ozmun. 2006. *Understanding Motor Development. Infant, Children, Adolescents, Adults*. (6. Útgáfa). New York, McGraw-Hill.
- Goodwin, William L. og Laura D. Goodwin. 1996. *Understanding Quantitative and Qualitative Research in Early Childhood Education*. New York, Teachers College Press.
- Grahn, Patrik, Fredrika Mårtensson, Bodil Lindblad, Paula Nilsson og Anna Ekman. 1997. *Ute på dagis*. Hässleholm, Norra Skåne Offset.
- Greenfield, Cheryl. 2004. 'Can Run, Play on Bikes, Jump the Zoom Slide, and Play on the Swings': Exploring the Value of Outdoor Play. *Australian Journal of Early Childhood* 29,2. Sótt 1. apríl 2008 frá gagnasafninu Questia.
- Guðrún Alda Harðardóttir. 2006. *Kennsluvefur um uppeldisfræðilegar skráningu*. Síðast uppfært 27.07.2006. Sótt 18. apríl 2008 á slóðina:
<http://nemendur.khi.is/gudrhard/skraning/skraning.htm>
- Gunnar Ólafsson. 1948. Útivist barna. *Menntamál, tímarit um uppeldis- og skólamál* 21:93–98.
- Gunnar Svanbergsson. 2004. *Um hreyfingu og hreyfingarleysi barna*. Sótt 14. janúar 2008 á slóðina:
[http://www.eflingehf.is/\(23mpzq45abk3wd23hvnzlg2z\)/DesktopModules/Article](http://www.eflingehf.is/(23mpzq45abk3wd23hvnzlg2z)/DesktopModules/Article)

- [s/ArticlesView.aspx?TabID=0&Alias=Rainbow&Lang=is&ItemID=27&mid=10316](http://www.hagstofan.is/ArticlesView.aspx?TabID=0&Alias=Rainbow&Lang=is&ItemID=27&mid=10316)
- Hagstofa Íslands. 2008a. *Mannfjöldi í einstökum byggðarkjörnum og strjálbýli eftir landsvæðum ár hvert 1889–1990*. Sótt 13. apríl 2008 á slóðina: <http://hagstofan.is/>
- Hagstofa Íslands. 2008b. *Mannfjöldi eftir byggðarkjörnum, kyni og aldri 1. janúar 1998–2008*. Sótt 13. apríl 2008 á slóðina: <http://hagstofan.is>
- Hagstofa Íslands. 2008c. *Mannfjöldatölur eftir kyni og aldri 1841–2008*. Sótt 10. mars 2008 á slóðina: <http://hagstofan.is/>
- Hagstofa Íslands. 2008d. *Börn í leikskóla eftir aldri, kyni og landsvæðum 1998–2006*. Sótt 10. mars 2008 á slóðina: <http://hagstofan.is/>
- Hannon, James C. og Barbara B. Brown. 2008. Increasing preschooler's physical activity intensities: An activity-friendly preschool playground intervention. *Preventive Medicine*. Sótt 17. mars 2008 frá gagnagrunninum Scencedirect.
- Hermundur Sigmundsson og Marianne Stølan Rostoft. 2003. Motor Development: exploring the motor competence of 4-year-old Norwegian children. *Scandinavian Journal of Educational Research* 47,4:451–459. Sótt 2. apríl 2008 frá gagnasafninu EBSCO HOST.
- Holmes, Robyn M., Anthony D. Pellegrini og Susan L. Schmidt. 2006. The effects of different recess timing regimens on preeschoolers' classroom attention. *Early Child Development and Care* 176,7:735–743. Sótt 1. apríl 2008 frá gagnasafninu EBSCO HOST.
- Jalongo, Mary Renck og Joan P. Isenberg. 2000. *Exploring Your Role. A Practitioner's Introduction to Early Childhood Education*. New Jersey, Merrill Prentice-Hall
- Jarvis, Pam. 2007. Monsters, magic and Mr Psycho: a biocultural approach to rough and tumble play in the early years of primary school. *Early Years, An International Journal of Research and Development* 27,2:171–188. Sótt 2. apríl 2008 frá gangasafninu Informaworld.
- Jófríður Traustadóttir. 2000. Við skildum eftir okkur minjar í gólfduknun. *Athöfn* 32, 1:51–54.
- Jóhanna Einarsdóttir. 2002. Fleygjum við barninu með baðvatninu? *Netla–veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 8. apríl 2008 á slóðina: <http://netla.khi.is/greinar/2002/010/prent/index.htm>

- Jóhanna Einarsdóttir. 2005. *Nýjar áherslur í leikskólastarfi – Kalla þær á breytingar á leikskólakennaramenntuninni?* Sótt 8. apríl 2008 á slóðina: <http://setur.khi.is/MalthingUmFramtid/Itarefni/GreinJohonnu.pdf>
- Jóhanna Thorsteinsson. 1999a, 6.janúar. Dagvist barna „Gæsluveita Reykjavíkur“. *Morgunblaðið*. Sótt 8. apríl 2008 á slóðina: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=441186
- Jóhanna Thorsteinsson. 1999b, 7.janúar. Leikskólar Reykjavíkur, góðan dag. *Morgunblaðið*. Sótt 8. apríl 2008 á slóðina: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=441418
- Knattspyrnusamband Íslands. [án árs] *Sparkvallaráttak KSÍ*. Sótt 10. apríl 2008 á slóðina: <http://www.ksi.is/mannvirki/sparkvellir/>
- Kristín Dýrfjörð. 2006. Lýðræði í leikskólum. Um viðhorf leikskólakennara. *Netla-veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 8. apríl 2008 á slóðina: <http://netla.khi.is/greinar/2006/009/prent/index.htm>
- Kristín Norðdahl. 2005 (a). Að leika og læra í náttúrunni. Um gildi náttúrulegs umhverfis í uppeldi og menntun barna. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 1. október 2007 á slóðina: <http://netla.khi.is/greinar/2005/022/index.htm>
- Kristín Norðdahl. 2005 (b). *Út um mó inn í skóg, skýrsla um þróunarverkefni með áherslu á útivist, náttúru og umhverfi, unni í leikskólanum Álfheimum árið 2002-2004*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt 1. október 2007 á slóðina: <http://rannsokn.khi.is/matsverkefni/skolamal/%C3%9At%20um%20m%C3%B3%20inn%20%C3%AD%20sk%C3%B3g%20loka%2023.1.06.pdf>
- Kristján Guðmundsson. 2007, 19. mars. Laugardalurinn. *Morgunblaðið*. Sótt 8. apríl 2008 á slóðina: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1135533
- Kuo, Frances E. og Andrea Faber Taylor. 2004. A Potential Natural Treatment for Attention-Deficit/Hyperactivity Disorder: Evidence From a National Study. *American Journal of Public Health* 94, 9:1580–1586. Sótt 17.mars 2008 á slóðina: <http://www.pubmedcentral.nih.gov/articlerender.fcgi?tool=pubmed&pubmedid=15333318>
- Malaguzzi, Loris. 1998. History, Ideas, and basic Philosophy. (Ritstj. Edwards, C., Gandini, L., og Forman, G.) *The hundred languages of children: The Reggio Emilia approach - advanced reflections*, bls. 49–97. London, Ablex Publishing corporation.

Maynard, Trisha og Jane Waters. 2007. Learning in the outdoor environment: a missed opportunity? *Early Years, An International Journal of Research and Development* 27,3:255–265. Sótt 2. apríl 2008 frá gagnasafninu Informaworld.

Morgunblaðið 2008, 11. janúar. Blái róló fari ekki undir hús, Andstaða við tillögu um að reisa hús á leikvelli í Vesturbænum. Sótt 8. apríl 2008 á slóðina: http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1184694

Peltzman, Barbara Ruth. 1998. *Pioneers of Early Childhood Education, A Bio-Bibliographical Guide*. Connecticut, Greenwood Press.

Perry, Jane P. 2001. *Outdoor play, Teaching Strategies with young children*. New York, Teachers College Press.

Rivkin, Mary S. 1995. *The Great Outdoors. Restoring Children's Right to Play Outside*. Washington, National Association for the Education of Young Children.

Rivkin, Mary S. 2000. *Outdoor Experiences for Young Children*. Sótt 27. febrúar 2008 frá gagnasafninu ERIC.

Santrock, John W. 2006. *Life-Span Development*. Boston, McGraw-Hill.

Seidman, Irving. 1998. *Interviewing as Qualitative research. A Guide for Researchers in Education and the Social Sciences* (2. útgáfa). New York, Teachers College Press.

Stephenson, Alison. 2003. Physical Risk-taking: dangerous or endangered. *Early Years, An International Journal of Research and Development*, 23,1:35–43. Sótt 2. apríl frá gagnasafninu Informaworld.

Stjórnartíðindi. 2002. *Reglugerð um öryggi leikvallartækja og leiksvæða og eftirlit með þeim*. Sótt 27. mars 2008 á slóðina: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/942-2002>

Strauss, Anselm, Juliet Corbin. 1998. *Basics of Qualitative Research. Techniques and Procedures for Developing Grounded Theory* (2. útgáfa). California, Sage Publications, Inc.

Valborg Sigurðardóttir. 1999. Brautryðjandinn Margaret McMillan (1860-1931). Málsvari barna. *Steinar í Vörðu. Til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri* (ritstj. Helgi Skúli Kjartansson, Hrafnhildur Ragnarsdóttir, Kristín Indriðadóttir, Ólafur J. Proppé). Reykjavík, Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Munnleg heimild

Snjólaug Pálsdóttir (leikskólastjóri við leikskólann Síðusel). Um veðurfar og útiveru barna. 7. apríl 2008.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Viðtalsrammi á íslensku

Fylgiskjal 2: Viðtalsrammi á ensku

Fylgiskjal 3: Tilkynning frá persónuvernd

Fylgiskjal 1

Viðtal við leikskólakennara um útiveru í leikskólum.

Spurningar:

1. Fyrst langar mig að fá samþykki hjá þér til að nota þetta viðtal sem rannsóknargagn í B.Ed ritgerð minni sem fjallar um útiveru í leikskólum. Nafn þitt mun hvergi kom fram heldur nota ég dulnefni. Einnig vil ég taka það fram að öllum gögnum verður eytt að úrvinnslu lokinni
2. Bakgrunnsupplýsingar.
 - a. Mig langar að biðja þig um að segja mér örlítið frá sjálfri/sjálfum þér, helstu atriði sem ég vil fá fram er um menntunina þína og starfsaldur.
3. Almenn viðhorf til útiveru í leikskóla.
 - a. Hvert er viðhorf þitt til útiveru í leikskóla?
 - i. Hver er tilgangur útverunnar að þínu mati?
 - ii. Hver er skoðun þín á lengd útverunnar?
 - iii. Hvert er gildi útverunnar fyrir leikskólastarfið?
 - iv. Hvert er álit þitt á þeim viðfangsefnum sem eru í boði í útiveru?
 - v. Hvaða álit hefur þú á þeim leikföngum og leiktækjum sem boðið er upp á í útiveru?
 - vi. Hver er þín skoðun á leiksvæði leikskóla? Bæði hvað varðar þann leikskóla sem þú starfar á sem og almennt um leiksvæði leikskóla.
 - vii. Hver er skoðun þín á hvernig leikskólakennarar nýta útiveruna til..
 - b. Markvissrar hreyfiþjálfunar?
 - c. Uppeldifræðilegra skráninga á t.d. hreyfiþroska barna?
 - d. Uppeldifræðileg skráning á félagsþroska barna?
4. Hvaða gildi telur þú að útiveran hafi fyrir:
 - a. Börn?
 - b. Leikskólakennara?
5. Hver er þín skoðun á að nota umhverfi og náttúru leikskólans til markvissrar hreyfiörvunar? (svo sem gönguferðir í bæði sléttu og ósléttu undirlagi eða nota náttúrufrýrbrigði líkt og tré, kletta, stóra steina og svo framvegis)
6. Hvernig telur þú að útivera eigi að vera háttað í leikskólum?
7. Er eitthvað sem þú telur að ekki hafi komið fram varðandi útiveru í leikskóla en vilt að komi fram?

Fylgiskjal 2

Interview with kindergarten teachers about outside activity in kindergartens.

Questions:

1. First I want to have your permission to use this interview as a research data in my B.Ed. thesis about outdoor activity in kindergartens. Your name will never appear but I will use a fake name. When I have finished working with this data I will destroy it.
2. Background information's.
 - a. I would like you to tell me a little bit about your self, though specially about your education and work age.
3. General attitude towards outside activity in kindergartens.
 - a. What is your attitude towards outside activity in kindergartens?
 - i. What do you thing of the length of the outdoor activity?
 - ii. What value do you thing that the outdoor activity have for the work in the kindergarten?
 - iii. What opinion do you have on the subjects that are in outdoor activity?
 - iv. What opinion do you have on the toys and tools that are in outside activity?
 - v. Which is you opinion on the playgrounds in kindergartens? Both about the playground in the kindergarten that you work in as well as about kindergartens playgrounds in generally.
4. What are you opinion on how kindergarten teachers use the outside activity to:
 - a. Systematic motor experiences or developing skills?
 - b. Pedagogical documentation on children's motor development?
 - c. Pedagogical documentation on children's social development?
5. What value do you thing that outside activity has for:
 - a. The children?
 - b. Kindergarten teacher?
6. What is your opinion on the use of the environment and the nature of the kindergarten to systematic stimulation on children's motor development? (e.g. walking trips in both smooth or rough underlay or use the nature phenomena like trees, rocks and et cetera)
7. How do you think that outside activity should be arrange in kindergartens?
8. Is there something that has not already been talked about and you would like to share?

Fylgiskjal 3

María Aldís Sverrisdóttir

Tjarnarlundi 9k
600 Akureyri



Persónuvernd

Rauðarársög 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 hrefasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík 5. mars 2008
Tilvisun: S3788/2008/ LSL/-

Hér með staðfestist að Persónuvernd hefur móttækið tilkynningu í yðar nafni um vinnslu persónuupplýsinga. Tilkynningin er nr. S3788/2008 og fylgir afrit hennar hjálágt.

Allar tilkynningar sem berast Persónuvernd birtast sjálfkrafa á heimasíðu stofnunarinnar. Tekið skal fram að með móttöku og birtingu tilkynninga hefur engin afstaða verið tekin af hálfu Persónuverndar um efni þeirra.

Virðingarfyllst,


Lára Sigurðardóttir

Hjál: